

Rekstraraðili innkaupaConsensa
Birgir Örn Birgisson**Innkaup**Akstursþjónusta fyrir Akranes
202511
Drög
Lokatilboðsdagur: 4.4.2025 12:00**Skýringar**

-  Textinn er innifalinn í auglýsingunni
-  Textinn er innifalinn í sérgreiningunni
-  Textinn verður hluti samningsins
-  Textinn verður birtur í efnisskrá samningsins
-  Textinn/spurningin inniheldur kröfur sem þarf að uppfylla
-  **ESPD** Textinn/spurningin inniheldur ESPD kröfur
-  Spurningin er vegin og tekin með í matið
-  Spurningin er vegin og tekin með í matið
-  Spurningin er lögð fram í upplýsingaskyni eingöngu
-  Þessi spurningu svarar kaupandinn
-  Spurningin er merkt fyrir sérstaka eftirfylgni

1. Almennar upplýsingar um útboð

1.1 Almennar upplýsingar um útboð

Consensa fyrir hönd Akraneskaupstaðar óskar eftir tilboðum í akstursþjónustu fyrir sveitarfélagið samkvæmt skilmálum útboðsins. Um er að ræða samþætta akstursþjónustu og akstur máltíða fyrir þá sem eiga rétt á þjónustunum samkvæmt reglum sveitarfélagsins. Með það að markmiði að stuðla að aukinni samkeppni er útboði þessu skipt upp í tvo samningshluta.

Þegar kemur að samþættri akstursþjónustu fyrir eldra fólk og fatlaðra þá sem fellur undir **samningshluta A** þá er áætlaður fjöldi farþega og áætlað akstursumfang á ári eftirfarandi:

Samningshluti A			
Samþætt akstursþjónusta	Fj. farþ.	Fj. farþ. í hjólastól	Akstursumfang
Akstur eldra fólks í og úr dagdvöl	30 - 35	1 - 5	10.000 km.
Akstur eldra fólks og fatlaðra	40 - 50	5 - 15	6.000 ferðir

Nánari sundurliðun á áætluðum fjölda ferða fyrir aldraða og fatlaða er að finna í tilboðhefti. Það skal tekið fram að akstursumfang og fjöldi farþega getur, eðli málsins samkvæmt, tekið breytingum á samningstíma. Tilfallandi akstur fyrir þá sem eiga rétt á akstursþjónustu fellur utan gildissviðs útboðs þessa. Umfang tilfallandi aksturs er óverulegt og samið verður um kaup á tilfallandi akstri með beinum innkaupum á grundvelli 2. mgr. 29. gr. laga um opinber innkaup.

Þegar kemur að akstri máltíða sem fellur undir **samningshluta B** þá er áætlaður fjöldi máltíða sem sendar eru á ári og áætlað akstursumfang á ári eftirfarandi:

Samningshluti B			
Akstur máltíða	Fj. einstaklinga	Fj. máltíða	Akstursumfang
Akstur máltíða	x	6.500	x km.

Bjóðendur sem ætla að leggja fram tilboð í skilgreindan samningshluta innan útboðsins skulu velja þann samningshluta sem þeir ætla að leggja fram tilboð í. Bjóðendum er heimilt að leggja fram tilboð í annan samningshluta útboðsins eða báða samningshluta þess.

1.2 Innkaupaferli

Innkaup þessi eru boðin út í almennu útboði sem auglýst er á Evrópska efnahagssvæðinu. Í almennu útboði er öllum fyrirtækjum heimilt að leggja fram tilboð í kjölfar útboðsauglýsingar.

1.3 Útboðsgögn

Til útboðsgagna teljast eftirfarandi gögn:

I. Útboðslýsing þessi

1. Almennar upplýsingar um útboð
2. Útboðsskilmálar
3. Upplýsingar um bjóðanda og tilboð
4. Útilokunarástæður
5. Hæfiskröfur
6. Valforsendur
7. Tilboðsblað
8. Þjónustuskilmálar - Samþætt akstursþjónusta
9. Þjónustuskilmálar - Akstur máltíða
10. Skilgreiningar og orðskýringar
11. Samevrópsk hæfisyfirlýsing - ESPD

II. Fyrirspurnir og svör

III. Lög, reglugerðir, staðlar og önnur gögn, sem vísað er til í útboðslýsingu þessari eða gilda um þjónustuna.

IV. Öll fylgiskjöl og viðaukar sem vísað er til í þessum útboðsgögnum.

Fylgiskjöl og viðaukar

Viðauki 1: Tilboðshefti - Akstursþjónusta fyrir Akranes - Útboð nr. 202511

Viðauki 2: Akstursskýrsla/Akstursáætlun - Akstur í og úr Dagdvöl

Viðauki 3: Akstursskýrsla - Akstur eldra fólks og fatlaðra

Viðauki 4: Akstursskýrsla - Akstur máltíða

Viðauki 5: Leiðbeiningar um akstursþjónustu við fatlað fólk útgefin 22. apríl 2020

Viðauki 6: Leiðbeiningar við val á samnings- og útboðshlutum

1.4 Skipting

Útboðslýsing þessari er skipt upp í eftirfarandi útboðshluta:

Útboðshlutar

1. Upplýsingar um bjóðanda og tilboðsverð

(Þessi útboðshluti er sjálfkrafa valinn)

2. Tilboð þar sem notast er við ESPD hæfisyfirlýsingu.

(Bjóðendur sem ætla að notast við ESPD hæfisyfirlýsingu skulu velja þennan útboðshluta)

3. Tilboð þar sem ekki er notast við ESPD hæfisyfirlýsingu.

(Bjóðendur sem ætla ekki að notast við ESPD hæfislýsingu skulu velja þennan útboðshluta)

Bjóðendur í útboði þessu SKULU velja tvo útboðshluta.

1.5 Aðilar útboðs

Umsjónaraðili útboðs	Kaupandi
Consensa ehf. Kt.: 690607-1310 Kalkofnsvegur 2 101 Reykjavík Sími: 650-5040 www.consensa.is  Ábyrgðaraðili: Birgir Örn Birgisson Lögfræðingur birgir@consensa.is	Akraneskaupstaður Kt.: 410169-4449 Dalbraut 4 300 Akranes Sími 433 1000 akranes@akranes.is  Akraneskaupstaður Ábyrgðaraðili: Hildigunnur Árnadóttir Sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs hildigunnur@akranes.is

Óheimilt er að hafa samband við kaupanda vegna útboðs þessa á tilboðstíma og þegar mat tilboða fer fram. Víki bjóðendur frá þessu eiga þeir á hættu að tilboði þeirra verði vísað frá.

1.6 Tímaáætlun útboðs

Eftirfarandi tímaáætlun gildir vegna útboðs þessa:

Lokadagsetning fyrirspurna	10 dögum áður en tilboðsfrestur rennur út
Svarfrestur fyrirspurna	6 dögum áður en tilboðsfrestur rennur út
Tilboðsfrestur	4.4.2025 12:00
Opnun tilboða	5.4.2025 13:00
Mat tilboða	5 dagar
Tilkynning um val tilboðs	Þegar mat tilboða er lokið
Biðtíma lokið	10 dögum eftir tilkynningu um val tilboðs
Tilkynning um töku tilboðs	Eftir að biðtíma er lokið
Gildistími tilboða	12 vikur frá opnun tilboða
Samningstími	Sjá ákvæði í þjónustuskilmálum

Hafa ber í huga að um er að ræða tímaáætlun sem getur tekið breytingum.

1.7 Tungumál

Tungumál útboðs þessa og öll samskipti skulu vera á íslensku og skal tilboðum og umbeðnum fylgiskjöllum skilað á íslensku.

1.8 ESPD

1.8.1 Hvað er ESPD

ESPD (e. European Single Procurement Document / ísl. Samevrópsk hæfisyfirlýsing) er eyðublað þar sem bjóðendur framkvæma sjálfsvottun á hæfi sínu í tilteknu opinberu útboði. Áður fyrr þurftu allir bjóðendur að senda inn með tilboðum sínum gögn sem sönnuðu að þeir uppfylltu útboðskröfur, t.a.m. hvort skattar og gjöld væru greidd og að þeir hefðu ekki verið sakfelldir fyrir ólöglegt athæfi. Nú geta bjóðendur uppfyllt þessar kröfur með ESPD hæfisyfirlýsingu. Einungis sá sem á hagstæðasta tilboðið þarf að leggja fram gögn til staðfestingar um hæfi.

1.8.2 Hvernig ESPD er notað í útboði þessu

Bjóðendur sem vilja nota ESPD hæfisyfirlýsingu skulu velja eftirfarandi útboðshluta:

- Upplýsingar um bjóðanda og tilboðsverð
- Tilboð þar sem notast er við ESPD hæfisyfirlýsingu

Þegar þetta er gert þarf bjóðandi að svara þeim spurningum sem er að finna í ESPD hæfisyfirlýsingunni. Þessum spurningum má svara handvirkt en einnig er hægt að nýta svokallaðar ESPD þjónustu til að útbúa ESPD hæfisyfirlýsingu. Þegar það er gert getur bjóðandi hlaðið upp sínu ESPD svari sem svarar þá sjálfkrafa öllum spurningunum sem er að finna í ESPD hæfisyfirlýsingunni.

Stefnt er að því að hvert ríki EES sambandsins reki sína eigin ESPD þjónustu en það hefur þó hefur enn ekki verið opnað fyrir slíka þjónustu hér á landi enn sem komið er. Þó geta Íslenskir bjóðendur nýtt sér ESPD þjónustur erlendis án endurgjalds, sjá hér:

<https://espd.uzp.gov.pl/filter?lang=is>
<http://www.base.gov.pt/deucp/filter?lang=is>
<https://espd.eop.bg/espd-web/filter?lang=is>

Bjóðendur geta útbúið ESPD hæfisyfirlýsingu með tvennskonar hætti:

Hlaða inn ESPD

1. Velja „Ég er bjóðandi“
2. Velja „Hlaða inn ESPD“
3. Hlaða inn skjali (Notið xml skjalið sem hefur verið útbúið fyrir þetta útboð og bjóðendur geta hlaðið niður hér inni á Tendsign)
4. Fylgið leiðbeiningum viðkomandi ESPD þjónustu.
5. Hlaðið upp ESPD hæfisyfirlýsingu hér inni á Tendsign.

Útbúa nýtt ESPD

1. Velja „Ég er bjóðandi“
2. Velja „Útbúa nýtt ESPD“
3. Velja landið þar sem kaupandi er staðsettur (Ísland)
4. Fylgið leiðbeiningum viðkomandi ESPD þjónustu.
5. Hlaðið upp ESPD hæfisyfirlýsingu hér inni á Tendsign.

Ef bjóðandi byggir á getu annars aðila skal (ESPD) hæfisyfirlýsing bjóðanda einnig innihalda viðeigandi upplýsingar um þann aðila.

Hafa skal í huga að hér er um að ræða almennar leiðbeiningar fyrir bjóðendur hvernig þeir geta nýtt sér ESPD í útboði þessu. Almennum fyrirspurnum er varðar ofangreint ferli og vandamálum sem upp geta komið verður ekki svarað á tilboðstíma í útboði þessu.

1.9 Allur réttur áskilinn

Útboðslýsing þessi eru útbúin af Consensa. Henni er ætlað að innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar svo að bjóðendum sé unnt að leggja fram tilboð. Óheimilt er að breyta, endurnýta eða hagnýta sér útboðslýsingu þessa á nokkurn hátt, hvorki í heild sinni eða að hluta, nema að fengnu leyfi Consensa.

Allur réttur áskilinn - All rights reserved © Consensa 2019 – 2025.

2. Útboðsskilmálar

2.1 Lög og reglugerðir

Um útboð þetta gilda ákvæði laga nr. 120/2016 um opinber innkaup og reglugerðir á grundvelli laganna. Stangist texti útboðsgagna á við lögin, víkur textinn. Lög um opinber innkaup má nálgast á heimasíðu Alþingis. Um samning í kjölfar innkaupaferlis gilda íslensk lög.

2.2 Samskipti á tilboðstíma

Óheimilt er að hafa samband við kaupendur og ráðgjafa hans vegna útboðs þessa á tilboðstíma. Víki bjóðendur frá þessu eiga þeir á hættu að tilboði þeirra verði vísað frá. Ef bjóðandi hefur spurningar eða athugasemdir skulu þær berast umsjónarmanni útboðs í gegnum útboðskerfið. Í þeim tilfellum sem:

- Óska þarf eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum,
- Koma þarf á framfæri ábendingum er varða ósamræmi eða villur í útboðsgögnum sem getur haft áhrif á útboðsferlið,
- Óska þarf eftir breytingum á kröfum útboðsins eða öðru sem tengist útboðinu,

Skal senda skriflega fyrirspurn eða athugasemd í gegnum útboðskerfið. Væntanlegir bjóðendur eru hvattir til að senda fyrirspurnir eins snemma á fyrirspurnartímanum og mögulegt er. Leitast verður við því að svara öllum fyrirspurnum væntanlegra bjóðenda eins fljótt og kostur er.

2.3 Afhending tilboða

Tilboðum skal skilað rafrænt í útboðskerfinu Tendsign. Aðgangur bjóðenda að útboðskerfinu er án endurgjalds. Bjóðendur fá staðfestingarpóst um leið og tilboði hefur verið skilað. Ef enginn staðfesting á móttöku tilboðs berst hefur tilboð ekki verið móttekið. Bjóðendur skulu í slíkum tilfellum leita til Visma Commerce AB sem er þjónustuaðili TendSign.

Mercell Commerce

Símanúmer: +46 (0) 771 440 200

Tölvupóstur: tendsignsupport@mercell.com

Opnunartími þjónustuvers er á milli 08:00 -17:00 samkvæmt sænskum tíma og er bjóðendum þar veitt aðstoð á ensku.

Consensa mælir eindregið með því að bjóðendur kynni sér útboðskerfið og undirbúi afhendingu fyrirspurna og skil á tilboðum með góðum fyrirvara. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs. Tilboð skal lagt fram af aðila innan fyrirtækisins sem hefur heimild skv. lögum og skipulagi fyrirtækisins til að leggja fram skuldbindandi tilboð. Bjóðendur bera ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma. Ekki er tekið við tilboðum eftir að tilboðstíma lýkur.

2.4 Bindandi tilboð

Tilboð eru bindandi. Ef gerður er fyrirvari um að tilboð sé ekki bindandi þá er það metið ógilt. Með tilboði sínu samþykkja bjóðendur alla útboðs og samningsskilmála og falla þar með frá eigin samnings og viðskiptaskilmálum sem eru í ósamræmi við útboðs og samningsskilmála þessa.

2.5 Afturköllun og/eða breytingar á tilboðum

Bjóðendur geta afturkallað og/eða gert breytingar á tilboðum í útboðskerfinu alveg þar til að tilboðsfrestur rennur út. Ekki er hægt að afturkalla tilboð eða óska eftir breytingum á tilboði eftir að tilboðsfrestur er útrunninn.

Það skal áréttað að innsend tilboð verða útboðsaðilum ekki sýnileg fyrr en eftir að tilboðsfrestur rennur út. Útboðsaðilar ráðleggja bjóðendum að senda tilboð sitt inn með góðum fyrirvara, jafnvel

nokkrum dögum áður en tilboðsfrestur rennur út.

2.6 Frávísun tilboða

Lögð er rík áhersla á að bjóðendur skili inn með tilboðum sínum öllum umbeðnum gögnum og upplýsingum. Umbeðin gögn og upplýsingar sem ætlað er að sýna fram á að bjóðandi annaðhvort uppfylli hæfis- eða tækniröfur skulu vera hnitmiðuð og skýr. Ekki er heimilt að styðjast við sama skjalið við svörum á öllum spurningum. Kaupandi áskilur sér rétt til að vísa frá þeim tilboðum sem ekki eru sett fram samkvæmt útboðslýsingu eða innihalda ekki þær upplýsingar sem óskað er eftir í útboðslýsingu.

Tilboð telst óaðgengilegt og telst ekki uppfylla útboðsskilmála ef það er lagt fram af bjóðanda sem skortir nauðsynlegt hæfi eða dugir bersýnilega ekki, án verulegra breytinga, til að mæta þörfum kaupanda, eins og tilgreint er í útboðsgögnum.

2.7 Opnun tilboða og tilkynning um val tilboðs

Þar sem um er að ræða rafrænt útboð, sbr. 65. gr. OIL, verður ekki haldinn formlegur opnunarfundur þar sem bjóðendur geta verið viðstaddir opnun tilboða. Eftir að tilboð eru opnuð er opnunarskýrsla send á bjóðendur þar sem fram koma eftirfarandi upplýsingar:

- Nöfn bjóðenda
- Heildartilboðsupphæðir
- Hvort tilboð séu sett fram sem frávikstilboð

Útboðsaðilar áskilja sér rétt til þess birta ekki heildartilboðsupphæðir í opnunarskýrslu í þeim tilfellum þar sem slík upplýsingagjöf samræmist ekki aðferðarfræði útboðsins og/eða ef heildartilboðsupphæð byggist eingöngu á tímagjaldi og birting slíkra upplýsinga geti skaðað hagsmuni fyrirtækis ef aðgangur er veittur að þeim.

Ákvörðun um val tilboðs verður send öllum bjóðendum, sem ekki hefur verið hafnað eða vísað frá innkaupaferli, með rafrænum hætti þegar hún liggur fyrir.

2.8 Framlenging á gildistíma tilboða

Þegar kaupanda er ekki unnt að taka afstöðu til tilboða innan gildistíma þeirra er heimilt að óska eftir því að bjóðendur framlengi tilboð sín í stuttan tíma. Skilyrði er að fyrir liggi samþykki allra þátttakenda eða málefnalegar ástæður réttlæti framlengingu. Með sama skilyrði er heimilt að óska eftir því, eftir að gildistími tilboðs hefur runnið út, að bjóðendur lýsi því yfir að tilboð þeirra séu að nýju gild, þó aðeins í mjög stuttan tíma. Þegar samningur hefur verið lýstur óvirkur er heimilt að samþykkja það tilboð sem hefði með réttu átt að velja án tillits til gildistíma tilboðs.

2.9 Taka tilboðs

Óheimilt er að gera samning í kjölfar ákvörðunar um val tilboðs fyrr en að liðnum lögmætum biðtíma. Ákvörðun um töku tilboðs verður send öllum bjóðendum með rafrænum hætti að loknum biðtíma og er þá kominn á bindandi samningur á grundvelli útboðsgagna og tilboðs bjóðanda.

Í framhaldi af töku tilboðs verður gerður skriflegur samningur, í samræmi við skilmála útboðsins og tilboð bjóðanda, þar sem fjallað verður um samningssamband aðila með tæmandi hætti samningsaðilum til hagræðingar.

2.10 Höfnun tilboðs

Kaupandi mun hafna öllum tilboðum sem eru yfir kostnaðaráætlun eða fjárheimildum en áskilur sér þó rétt til að taka tilboðum sem eru yfir kostnaðaráætlun ef hann telur slíkt rétt í ljósi aðstæðna. Kaupandi telst hafa hafnað tilboði ef hann er búinn að semja við annan aðila, gildistími tilboðs er liðinn án þess að óskað hafi verið eftir framlengingu tilboðs eða öllum tilboðum hefur verið hafnað formlega. Kaupanda er heimilt að hafna öllum tilboðum standi málefnalegar ástæður til þess eða hafi almennar forsendur fyrir útboði brostið. Kaupandi skal rökstyðja ákvörðun sína um að hafna öllum

tilboðum. Komi í ljós skömmu fyrir lok tilboðsfrests, að gera þarf stórvægilegar breytingar á útboðsgögnum sem ekki rúmast innan marka 90. gr. OIL, áskilur kaupandi sér rétt til að hætta við útboð bótafrest og auglýsa útboðið að nýju.

Kaupandi áskilur sér rétt til að útiloka fyrirtæki frá þátttöku í innkaupaferli ef einhverjar af þeim ástæðum sem upptaldar eru í 6. mgr. 68. gr. eiga við um fyrirtæki.

2.11 Kostnaður fyrir gerð tilboðs

Bjóðendur bera allan kostnað við gerð tilboða.

2.12 Misræmi

Lögð er rík skylda á bjóðendur að kynna sér öll gögn útboðsins rækilega. Ef bjóðandi verður var við ósamræmi eða villur í útboðsgögnum skal hann koma því á framfæri við umsjónaraðila útboðsins. Vanræki bjóðandi skyldur sínar samkvæmt ákvæði þessu fellur réttur bjóðanda til bóta niður. Komi upp misræmi milli gagna, skulu þau sem gera ríkari kröfur á hendur bjóðanda ganga framar. Kaupandi á rétt á lækkun samningsupphæðar, ef villan leiðir til minni kostnaðar.

2.13 Fyrirvari um óvirkni samnings

Kærunefnd útboðsmála getur, ef skilyrði óvirkni eru fyrir hendi, lýst samning óvirkan. Úrskurður um óvirkni samnings hefur þau áhrif að réttindi og skyldur samkvæmt aðalefni samnings falla niður. Óvirkni samnings skal takmörkuð við þær greiðslur sem enn hafa ekki farið fram. Að því er varðar greiðslur sem þegar hafa farið fram kveður kærunefnd á um önnur viðurlög. Vakin er sérstök athygli á þessu og áskilja aðilar útboðs þessa sér rétt til þess að hafna öllum bótakröfum þegar þeir í góðri trú gera samning sem síðar er gerður óvirkur.

2.14 Trúnaðarupplýsingar

Aðilum útboðs þessa er óheimilt að láta af hendi viðkvæmar upplýsingar sem fyrirtæki hefur lagt fram sem trúnaðarupplýsingar. Til slíkra upplýsinga teljast upplýsingar um rekstur, sértækar tæknilausnir, einingarverð, fjárhagsmálefni og viðskipti og aðrar þær upplýsingar sem skaðað geta hagsmuni fyrirtækisins ef aðgangur er veittur að þeim. Kaupanda er heimilt að krefjast þess að fyrirtæki gæti trúnaðar um mikilvægar upplýsingar sem veittar eru meðan á innkaupaferli stendur. Ákvæði þetta hefur hins vegar ekki áhrif á skyldu opinbers aðila til að leggja fram upplýsingar á grundvelli upplýsingalaga og ekki ef annað leiðir af fyrirmælum laga.

2.15 Áskilnaður

Aðilar útboðs þessa áskilja sér rétt til að bjóða út innkaup á nýjan leik í hraðútboði skv. 4. mgr. 58. gr. OIL ef einungis berast óaðgengileg tilboð í upphaflegu útboði. Aðilar útboðsins áskilja sér sömuleiðis rétt til að framkvæma innkaup á grundvelli 39. gr. OIL þegar engin tilboð, engin fullnægjandi tilboð, engar tilkynningar um þátttöku eða engar fullnægjandi tilkynningar um þátttöku bárust í almennum eða lokuðu útboði við aðila sem uppfyllir ekki útilokunarástæður og/eða að hæfiskröfur í upphaflegu útboði ef aðilar útboðsins höfðu áskilið sér rétt til að falla frá umræddum kröfum ef engin bjóðandi uppfyllti þær.

2.16 Leiðbeiningar um kæruleiðir

Í XI. og XII. kafla laga nr. 120/2016 um opinber innkaup er fjallað um kærunefnd útboðsmála og kæruleiðir. Þar kemur m.a. fram að kæra skuli borin skriflega undir kærunefnd útboðsmála innan 20 daga frá því að kærandi vissi um eða mátti vita um þá ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum.

Kröfu um óvirkni samnings er þó heimilt að bera undir nefndina innan 30 daga frá framangreindu tímamarki. Þó verður krafa um óvirkni samnings ekki höfð uppi þegar sex mánuðir eru liðnir frá gerð hans. Við nánari ákvörðun frestsins gildir eftirfarandi:

Þegar kærð er ákvörðun um val tilboðs eða aðrar ákvarðanir skal miða upphaf frests við birtingu

þeirra tilkynninga sem þar greinir, enda hafi þær að geyma tilskildar upplýsingar.

Þegar höfð er uppi krafa um óvirkni samnings sem gerður hefur verið án undanfarandi útboðsauglýsingar skal miða upphaf frests við birtingu tilkynningar um gerð samningsins í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, enda komi þar fram rökstuðningur ákvörðunar kaupanda um að auglýsa ekki innkaup.

Í kæru skulu koma fram upplýsingar um kæranda, þann aðila sem kæra beinist að (varnaraðila) og ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem er kærð. Í kæru skulu koma fram kröfur kæranda ásamt stuttri lýsingu málsatvika og málsástæðna sem og rökstuðningur. Kröfugerð kæranda skal lúta að úrræðum nefndarinnar samkvæmt lögum þessum. Fyrir hverja kæru skal greiða kærugjald að fjárhæð 150.000 kr. Þjóðandi er hvattur til að kynna sér frekar réttarúrræði laga nr. 120/2016 um opinber innkaup.

Upplýsingar um kærunefnd útboðsmála má sjá hér:

<https://www.stjornarradid.is/raduneyti/nefndir/nanar-um-nefnd/?itemid=e219adb9-4214-11e7-941a-005056bc530c>

3. Upplýsingar um bjóðanda og tilboð

3.1 Tilboðsaðilar

Fleiri fyrirtækjum er heimilt að standa að tilboði eða þátttökutilkynningu sameiginlega.

Ef bjóðandi samanstendur af fleiru en einu fyrirtæki skulu þau bera sameiginlega ábyrgð á efndum samnings. Ef bjóðandi samanstendur af fleiru en einu fyrirtæki skal eitt fyrirtækið koma fram fyrir hönd hinna við framkvæmd samningsins.

Ef bjóðandi samanstendur af fleiru en einu fyrirtæki skal lögð fram undirrituð yfirlýsing þess efnis. Í yfirlýsingunni skal tilgreina hvaða fyrirtæki standa sameiginlega að tilboði eða þátttökutilkynningu og hvaða fyrirtæki komi fram fyrir hönd þeirra við framkvæmd samningsins. Yfirlýsingin skal vera undirrituð af öllum fyrirtækjum sem standa að tilboði eða þátttökutilkynningu.

Ef bjóðandi samanstendur af fleiri en einu fyrirtæki þarf að skila inn gögnum sem sanna að útilokunarástæður eigi ekki við um bjóðanda fyrir alla þá sem standa að tilboði eða þátttökutilkynningu sameiginlega.

a. Standa fleira en eitt fyrirtæki á bakvið tilboð þetta ?

Já/Nei

Upplýsingar u...



b. Ef spurningu (a) er svarað játandi skal bjóðandi leggja fram yfirlýsingu hér.

Viðhengi

Athugasemdir birgja leyfðar

Upplýsingar u...



3.2 Umboð

Sé tilboð lagt fram í umboði annars aðila skal bjóðandi skila inn undirrituðu umboði. Umboð eiga að vera dagsett og verða nöfn og kennitölur allra að koma þar fram. Í umboðum þarf að koma skýrt fram til hvaða verka umboð er veitt. Umboð eiga að vera undirrituð af þeim sem umboðið veitir og á undirskriftin að vera vottuð af tveim einstaklingum.

Sé umboð rafrænt undirritað af umboðsveitanda er ekki gerð krafa um undirritun tveggja votta.

Ef um erlenda ríkisborgara er að ræða sem ekki eru í þjóðskrá þurfa ljósrit af vegabréfum eða öðrum ferðaskilríkjum vottanna að fylgja umboðinu. Á ljósritum skilríkja þarf undirskrift að vera sýnileg.

a. Er tilboð lagt fram í umboði annars aðila ?

Já/Nei

Upplýsingar u...



b. Ef spurningu (c) er svarað játandi skal leggja fram umboð hér.

Viðhengi

Upplýsingar u...



3.3 Tilboð byggt á getu annarra

Bjóðendur geta uppfyllt hæfiskröfur útboðsins með því að byggja á getu annarra aðila óháð lagalegum tengslum við þá.

Ef bjóðandi byggir tilboð sitt:	Eru sett eftirfarandi skilyrði:
---------------------------------	---------------------------------

Á menntun, á starfsreynslu, eða faglegri getu annars aðila.	Að sá aðili annist framkvæmd verks eða þjónustu í samræmi við þær kröfur sem gerðar hafa verið og skulu aðilar sameiginlega bera ábyrgð á efndum samnings.
Á fjárhagslegri eða efnahagslegri getu annars aðila.	Að aðilar beri sameiginlega ábyrgð á efndum samnings.

Ef bjóðandi byggir tilboð sitt á getu annars aðila þarf að skila inn gögnum fyrir þann aðila sem sanna að útilokunarástæður eigi ekki við um hann.

Í öllum tilfellum þar sem bjóðendur byggja tilboð sitt á getu annarra aðila skulu þeir sanna að þeir hafi tryggt sér tilgreinda aðstoð með því að leggja fram skuldbindandi yfirlýsingu viðkomandi aðila þess efnis að bjóðandi uppfylli tiltekna hæfiskröfur með því að byggja á hans getu og að aðilar beri sameiginlega ábyrgð á efndum samnings.

a. Er tilboð byggt á getu annars aðila ?

Já/Nei

Upplýsingar u...



b. Hvaða hæfiskrafa er uppfyllt með því að byggja á getu annars aðila ?

Textareitur

Upplýsingar u...



c. Ef spurningu (a) er svarað játandi skal bjóðandi leggja fram skuldbindandi yfirlýsingu viðkomandi aðila hér

Viðhengi

Upplýsingar u...



d. Ef spurningu (a) er svarað játandi skal bjóðandi leggja fram gögn hér sem sanna að útilokunarástæður eigi ekki við um viðkomandi aðila.

Viðhengi

Upplýsingar u...



3.4 Undirverktaka

Hafi bjóðandi í hyggju að láta þriðja aðila framkvæma hluta samnings í undirverktöku þá skal bjóðandi veita upplýsingar um slíkt í tilboði sínu. Skal bjóðandi veita upplýsingar um þá undirverktaka sem bjóðandi hyggst semja við og hvaða hluta samnings hann hyggst láta þá framkvæma.

Kaupanda er heimilt að krefjast þess að bjóðandi leggi fram hæfisyfirlýsingu fyrir undirverktaka. Ef útilokunarástæður skv. 68. gr. eiga við undirverktaka skal kaupandi eftir atvikum krefjast þess að nýr undirverktaki komi í hans stað. Upplýsingar bjóðanda um undirverktaka hafa ekki áhrif á ábyrgð bjóðanda gagnvart kaupanda.

Undirverktaka skal í öllum tilvikum byggjast á skriflegum samningi og skal bjóðandi skila yfirlýsingu/staðfestingu viðkomandi undirverktaka þar um, komi tilboðið til álita.

a. Ætlar bjóðandi að fela þriðja aðila framkvæmd hluta samnings?

Já/Nei

Upplýsingar u...



b. Ef spurningu (a) er svarað játandi skal bjóðandi leggja fram viðeigandi upplýsingar um undirverktaka og samningshluta hér

Viðhengi

Upplýsingar u...



4. Útilokunarástæður

4.1 Útilokunarástæður

Í þessum kafla er fjallað um ástæður til útilokunar vegna persónulegra aðstæðna skv. 68. gr. OIL.

4.1.1 Lögbundnar útilokunarástæður

4.1.1.1 Ástæður til útilokunar vegna persónulegra aðstæðna



Þjóðendur sem hafa verið sakfelldir með endanlegum dómi fyrir eftirtalin afbrot skulu útilokaðir frá þátttöku í innkaupaferli:

- a. þátttöku í skipulögðum glæpasamtökum,
- b. spillingu,
- c. sviksemi,
- d. hryðjuverk eða brot sem tengjast hryðjuverkastarfsemi,
- e. peningapvætti eða fjármögnun hryðjuverka,
- f. barnaprælkun eða annars konar mansal.

Skylda til að útiloka þátttakanda eða bjóðanda gildir einnig þegar einstaklingur, sem hefur verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir ofangreind brot er í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn viðkomandi fyrirtækis eða hefur heimild til fyrirsvars, ákvörðunartöku eða yfirræða í því.

Þátttakandi eða bjóðandi skal einnig útilokaður frá þátttöku í innkaupaferli hafi hann brotið gegn skyldum um greiðslu opinberra gjalda, lífeyrissjóðsiðgjalda eða annarra lögákveðinna gjalda og því hefur verið endanlega slegið föstu með ákvörðun dómstóls eða stjórnvalds þar sem bjóðandi er skráður eða í aðildarríki innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Aðilar útboðs geta krafist þess að lögð séu fram vottorð, yfirlýsingar og önnur gögn til sönnunar á því að ekki séu fyrir hendi ástæður til útilokunar.

Þjóðandi staðfestir að ofangreindar útilokunarástæður eiga ekki við um hann (fyrirtækið), einstaklinga í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn fyrirtækisins og heldur ekki um einstaklinga sem hafa heimild til fyrirsvars, ákvarðanatöku eða yfirræða í því.

Já/Nei. Já er krafist

Upplýsingar u...



4.1.2 Valfrjálsar útilokunarástæður

4.1.2.1 Greiðsla gjalda



Í útboði þessu eru gerðar eftirfarandi kröfur til bjóðenda þegar kemur að greiðslu opinberra gjalda, lífeyrissjóðsiðgjalda eða annarra lögákveðinna gjalda:

Krafa	Staðfesting
-------	-------------

Vanskil bjóðenda þegar kemur að greiðslu opinberra gjalda, lífeyrissjóðsiðgjalda eða annarra lögákveðinna gjalda skulu ekki nema samanlagt hærrí fjárhæð en 1.000.000 kr.	Vottorð um skuldarstöðu frá innheimtumanni ríkissjóðs eða sambærileg staðfesting frá heimalandi bjóðanda skv e - certis. (Ekki eldra en 30 daga frá opnunardegi tilboða) Vottorð frá öllum viðeigandi lífeyrissjóðum eða sambærileg staðfesting frá heimalandi bjóðanda skv e - certis. (Ekki eldra en 30 daga frá opnunardegi tilboða)
--	--

Heimilt er að falla frá þessum kröfum ef eitt af eftirfarandi á við:

1. Bjóðandi hefur uppfyllt skyldur sínar með því að greiða upp vanskil fyrir opnunardag tilboða á opinberum gjöldum eða gert samning um greiðslu þeirra, þ.m.t. vexti eða sektir, skal hann ekki útilokaður samkvæmt þessari málsgrein.
2. Engin bjóðandi uppfyllir ofangreinda kröfu um greiðslu opinberra gjalda, lífeyrissjóðsiðgjalda eða annarra lögákveðinna gjalda

a. Vottorð um skuldarstöðu frá innheimtumanni ríkissjóðs

Viðhengi

Tilboð þar sem...



b. Vottorð frá öllum viðeigandi lífeyrissjóðum

Viðhengi

Tilboð þar sem...



4.1.2.2 Vanræksla í starfi og annmarkar á framkvæmd opinberra samninga



Ef eftirfarandi aðstæður eiga við um bjóðanda síðastliðin þrjú ár verður hann auk þess útilokaður frá þáttöku í innkaupaferlinu

- Verulegir eða viðvarandi annmarkar hafa verið á framkvæmd fyrirtækis á efnislegum kröfum samkvæmt fyrri opinberum samningum sem hafa leitt til riftunar á samningi, kröfu um skaðabætur eða annarra svipaðra viðurlaga.
- Fyrirtæki hefur sýnt alvarlega vanrækslu í starfi sem kaupanda er unnt að sýna fram á.

Fyrirtæki sem er í einhverjum þeim aðstæðum sem hér að ofan greinir er heimilt að færa fram sönnur á að ráðstafanir sem það hefur gripið til duggi til að sýna fram á áreiðanleika þess þrátt fyrir að til staðar sé ofangreind útilokunarástæða. Ef sönnun er talin fullnægjandi skal ekki útiloka viðkomandi fyrirtæki frá innkaupaferli.

Bjóðandi staðfestir að ofangreindar útilokunarástæður eiga ekki við um hann (fyrirtækið), einstaklinga í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn fyrirtækisins og heldur ekki um einstaklinga sem hafa heimild til fyrirsvars, ákvarðanatöku eða yfirræða í því.

Já/Nei. **Já er krafist**

Tilboð þar sem...



5. Hæfiskröfur

5.1 Hæfi bjóðanda

Í þessum kafla er fjallað um þær hæfiskröfur sem bjóðendur verða að uppfylla til að geta tekið þátt í innkaupaferlinu. Ef bjóðandi uppfyllir ekki allar hæfiskröfur útboðsins, telst tilboð hans ógilt skv. 82. gr. OIL og verður vísað frá. Hæfi bjóðenda verður metið á grundvelli þeirra upplýsinga sem þeir senda inn með tilboðum sínum og/eða þeim gögnum sem aðilar útboðsins hafa áskilið sér rétt til að óska eftir.

5.1.1 Starfsréttindi

Í útboði þessu eru gerðar eftirfarandi kröfur til bjóðenda þegar kemur að starfsréttindum:

5.1.1.1 Skráning í fyrirtækjaskrá



Eftirfarandi kröfur eru gerðar til bjóðenda í **samningshlutum A og B** er varða skráningu reksturs í fyrirtækjaskrá:

Krafa	Staðfesting
Rekstur bjóðanda í samningshlutum A og B skal vera skráður í fyrirtækjaskrá.	Íslensk fyrirtæki: Vottorð frá fyrirtækjaskrá. Erlend fyrirtæki: Vottorð frá heimaríki sem sýnir fram á fullnægjandi skráningu þess.

Vottorð sem staðfestir skráningu

Viðhengi

Tilboð þar sem...



5.1.1.2 Starfsleyfi



Eftirfarandi kröfur eru gerðar til bjóðenda í **samningshluta A**

Þegar kemur að samþættri akstursþjónustu, þá er um er að ræða þjónustu þar sem einkaaðilum, sem hyggjast veita þjónustuna er skylt að afla rekstarleyfis áður en byrjað er að veita þjónustuna samkvæmt 5. gr. laga nr. 88/2021 um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 88/2021 veitir Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála rekstarleyfi til þeirra sem sýna fram á að þeir geti veitt þjónustu sem er örugg og í samræmi við gæðaviðmið og ákvæði laga, reglugerða, reglna, samninga og leiðbeininga. Samkvæmt upplýsingum sem aðila útboðsins hafa aflað sér þá tekur afgreiðsla umsókna að jafnaði 7-10 daga frá því að rétt útfyllt umsókn um rekstarleyfi ásamt öllum umbeðnum fylgiskjöllum er lögð fram af umsækjanda.

Með það að markmiði að tryggja hagkvæmni í opinberum rekstri með virkri samkeppni er þess ekki krafist að bjóðendur **sem leggja fram tilboð í samningshluta A** hafi aflað sér rekstarleyfis þegar tilboð eru lögð fram áður en frestur til að skila inn tilboðum rennur út. Að mati aðila útboðsins myndi slíkt fyrirkomulag takmarka samkeppni verulega að ástæðulausu.

Með vísan til þessa hefur þess í stað verið ákveðið að setja fram eftirfarandi forsendur/áskilnað fyrir samþykki tilboðs **í samningshluta A** sem bjóðendur samþykkja með því að leggja fram tilboð **í samningshlutann**.

- Útboðsaðilar áskilja sér rétt til að afturkalla val á tilboði ef meira en 72 klukkustundir eru liðnar frá tilkynningu um val tilboðs var send á bjóðendur og Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála hefur ekki sent aðilum útboðsins staðfestingu þess efnis að rétt útfyllt umsókn um rekstarleyfi

ásamt öllum umbeðnum fylgiskjöllum hafi verið lögð fram af umsækjanda.

- Útboðsaðilar áskilja sér rétt til að afturkalla val á tilboði ef meira en 12 almanaksdagar eru liðir frá því að tilkynning um val tilboðs var send á bjóðendur og bjóðandi hefur ekki enn afhent staðfestingu þess efnis að Gæða- og eftirlitsstofnun velferðamála hafi veitt bjóðanda starfsleyfi.

Bjóðendur sem leggja fram tilboð í samningshluta A skulu samþykkja áskilnað þennan.

Bjóðandi samþykkir ofangreindan áskilnað fyrir samþykki tilboðs

Já/Nei. Já er krafist

Upplýsingar u...



5.1.2 Fjárhagsstaða bjóðanda



Eftirfarandi kröfur eru gerðar til bjóðenda í samningshlutum A og B er varða fjárhagsstöðu þeirra:

Fjárhagsstaða bjóðenda í samningshlutum A og B skal vera það trygg að þeir geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart kaupanda. Bjóðendur skulu færa sönnur á efnahagslega og fjárhagslega stöðu sína með einni af eftirtöldum aðferðum:

1. Með afhendingu afrits af útgefnu lánshæfismati frá Creditinfo þar sem kemur fram að bjóðandi sé að lágmarki í lánshæfisflokki 4 (Tiltölulega áhættulítið). Lánshæfismatið skal vera útgefið á síðustu 60 almanaksdögum fyrir opnun tilboða.
2. Með afhendingu afrits af útgefnu lánshæfismati sem gefið er út af alþjóðlegu matsfyrirtæki þar sem kemur fram að bjóðandi sé að lágmarki í lánshæfisflokki B (Low Risk). Lánshæfismatið skal vera útgefið á síðustu 60 almanaksdögum fyrir opnun tilboða.
3. Með afhendingu á undirritaðri yfirlýsingu frá fjármálafyrirtæki (banka / tryggingarfélagi) þess efnis að viðkomandi aðili muni, án nokkurskonar skilyrða/fyrirvara gefa út samningstryggingu / bankaábyrgð í samræmi við skilmála útboðsins* upp á samtals 1.000.000 kr. komi til þess að tilboð bjóðanda verði samþykkt.

* Skilmálar samningstryggingar / bankaábyrgðar er að finna í þjónustuskilmálum útboðslýsingar.

Útboðsaðilar áskilja sér rétt til að falla frá ofangreindri kröfu um fjárhagsstöðu kröfu ef í ljós kemur við mat tilboða að engin bjóðandi uppfyllir kröfur ákvæðisins.

Afrit af lánshæfismati / Yfirlýsing frá fjármálafyrirtæki

Viðhengi

Tilboð þar sem...



6. Valforsendur

6.1 Val á tilboðum

Hagkvæmasta tilboð verður valið á grundvelli hæstu einkunnar. Notast verður við eftirfarandi reikniformúlu:

$$\text{Einkunn bjóðanda} = \frac{\text{Lægsta heildartilboðsverð}}{\text{Heildartilboðsverð bjóðanda}} * 100\%$$

Verðið sem verður notað til að reikna út einkunn er heildartilboðsfjárhæð bjóðanda. Heildartilboðsverð fæst með því að margfalda boðið kílómetragjald og boðin akstursgjöld með áætluðu umfangi aksturs eins og það er sett fram í tilboðshefti.

Það tilboð sem fær hæstu einkunn **í sérhverjum samningshluta** verður valið. Verði tvö eða fleiri gild tilboð jafn há, ræður hlutkesti. Það skal áréttað hér að heildartilboðsverð verður eingöngu notað við val á tilboðum í útboði þessu. Við framkvæmd samningsins verður greitt í samkvæmt þjónustuskilmálum útboðsins.

6.2 Frávikstilboð

Ekki er heimilt að gera frávikstilboð.

7. Tilboðsblað

7.1 Heildartilboðsverð

Heildartilboðsverð fæst með því að margfalda boðið akstursgjöld með áætluðu umfangi aksturs yfir árstíðabil.

7.1.1 Tilboðsverð



Hér skulu bjóðendur gefa upp tilboðsverð fyrir akstursþjónustu samkvæmt skilmálum útboðslýsinga. Fyrir akstursþjónustu samkvæmt samningi fær þjónustuveitandi greitt Aksturs- og kílómetragjöld samkvæmt tilboði að teknu tilliti til ákvæða þjónustuskilmála útboðs þessa. Innifalið í þessum gjöldum er allur kostnaður þjónustuveitanda sem fellur til vegna þjónustunnar án nokkurrar takmörkunar.

Aksturs og kílómetragjöld og heildartilboðsverð eru án vsk.

a. Heildartilboðsverð - Samningshluti A

Reitur fyrir verð

Samningshluti A



b. Heildartilboðsverð - Samningshluti B

Reitur fyrir verð

Samningshluti B



7.2 Tilboðshefti



Bjóðendur skulu fylla út tilboðshefti sem er sett fram sem viðauki við útboðslýsingu og skila inn með tilboði. Heildartilboðsverð í tilboðshefti skal vera í samræmi við heildartilboðsverð í kafla 7.1 hér fyrir ofan.

Tilboðshefti

Viðhengi

Upplýsingar u...



7.3 Frávikstilboð



Ekki er heimilt að gera frávikstilboð.

Er tilboð bjóðanda haldið einhverjum frávikum frá útboðsgögnum ?

Já/Nei. **Nei er krafist**

Upplýsingar u...



7.4 Val á útboðshlutum



Bjóðendur í útboði þessu skulu velja tvo útboðshluta af þremur við útfyllingu tilboða, sjá nánar ákvæði um skiptingu útboðslýsingar í fyrsta kafla útboðslýsingar.

Bjóðandi staðfestir að hann hefur valið tvo útboðshluta við útfyllingu tilboðs

Já/Nei. **Já er krafist**

Upplýsingar u...



8. Þjónustuskilmálar - Samþætt akstursþjónusta

8.1 Gildissvið og markmið

8.1.1 Gildissvið

Skilmálar þessir gilda um samþætta akstursþjónustu fyrir Akraneskaupstað. Um er að ræða akstursþjónustu fyrir eldra fólk og fatlaða og akstur eldra fólks í og úr dagdvöl sem eiga rétt á slíkri þjónustu samkvæmt reglum sveitarfélagsins.

Skilmálar þessir gilda ekki um tilfallandi akstur fyrir þá sem eiga rétt á akstursþjónustu samkvæmt skilmálum þessum. Undir tilfallandi akstur fellur akstur fyrir faltaða og aldraða þar sem þörf er á bifreiðum fyrir fleiri farþega og/eða ferðir þar sem þörf er á annarskonar sértækari akstursþjónustu en þeirri sem lýst er í skilmálum þessum. Skilmálar þessir gilda sömuleiðis ekki um akstursþjónustu fyrir fatlaða og aldraða þegar starfsfólk sveitarfélagsins ekur bifreiðum slíkra einstaklinga og slíkur akstur er hluti af stoðþjónustu.

Í skilmálum þessum er kveðið á um skyldur og réttindi samningsaðila á samningstíma. Öll útboðsgögn vegna útboðsins skulu teljast hluti þessa skilmála. Komi upp misræmi milli gagna, skulu þau sem gera ríkari kröfur á hendur þjónustuveitanda ganga framar. Að loknu innkaupaferli þegar tilboð hefur verið samþykkt verður útbúinn sérstakur samningur þar sem fjallað verður um samningssamband aðila með tæmandi hætti samningsaðilum til hagræðingar. Samningurinn verður í samræmi við samþykkt tilboð og samkvæmt skilmálum þessum.

8.1.2 Markmið

Markmið akstursþjónustu fyrir fatlað fólk er að gera þeim íbúum Akraneskaupstaðar sem ekki geta nýtt sér almenningssamgöngur vegna fötlunar kleift að lifa sem sjálfstæðustu lífi miðað við getu hvers og eins og jafna aðstöðumun sem kann að vera til staðar milli fatlaðs fólks og ófatlaðs. Þjónustan skal taka mið af einstaklingsbundnum þörfum og miða að valdeflingu og hvatningu til virkrar þátttöku í samfélaginu.

Markmið akstursþjónustu fyrir eldra fólk er að gera íbúum sveitarfélagsins sem eru eldri en 67 ára og ekki geta nýtt sér almenningssamgöngur kleift að vera félagslega virkir, njóta tómstunda, sækja endurhæfingar og heilbrigðisþjónustu. Þjónustan skal taka mið af einstaklingsbundnum þörfum og miða að (valdeflingu) auknu sjálfstæði og hvatningu til virkrar þátttöku í samfélaginu.

Meginmarkmið sveitarfélagsins með skilmálum þessum er einnig að sporna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.

8.1.3 Gildistími

Gildistími samninga um samþætta akstursþjónustu skal vera fjögur (4) ár frá því að þjónustan hefst. Heimilt er að framlengja samningnum tvisvar (2) sinnum um eitt (1) ár í senn, þannig að samningstími getur mest orðið sex (6) ár. Samningar um samþætta akstursþjónustu skulu vera uppsegjanlegir af beggja hálfu, með þriggja (3) mánaða fyrirvara, í fyrsta lagi sex (6) mánuðum eftir að þjónusta samkvæmt samningi hófst.

Samþætt akstursþjónusta samkvæmt skilmálum þessum skal hefjast eigi síðar en 1. ágúst 2025.

8.1.4 Lög og reglugerðir

Akstursþjónusta samkvæmt skilmálum þessum skal undantekningarlaust vera í samræmi við reglur sveitarfélagsins eins og þær eru á hverjum tíma og í samræmi við ákvæði laga og reglna sem um þjónustuna gilda. Stangist ákvæði skilmála þessa á við lög og reglur, vikur textinn fyrir ákvæðum þeirra.

8.2 Samþætt akstursþjónusta

Samþætt akstursþjónusta samkvæmt skilmálum þessum skiptist í:

- **Akstursþjónusta fyrir eldra fólk og fatlaða**
- **Akstur eldra fólks í og úr dagdvöl**

Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að gera breytingar á fyrirkomulagi þjónustunnar eins og hún er samkvæmt skilmálum þessum. Séu gerðar breytingar á fyrirkomulagi þjónustunnar skulu þær tilkynntar þjónustuveitendum eigi síðar en með 90 almanaksdaga fyrirvara áður breytingar taka gildi. Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að sinna akstursþjónustu samkvæmt skilmálum þessum að hluta tímabundið með eigin bifreiðum og/eða með því að nýta sér þjónustu annarra þjónustuveitanda sé talin þörf á slíku að mati sveitarfélagsins, s.s. vegna skorts á lágmarksfjölda bifreiða.

Telji þjónustuveitandi ástæðu til að gera breytingu á fyrirkomulagi þjónustunnar skal hann koma því á framfæri við þjónustukaupa.

8.2.1 Akstursþjónusta fyrir eldra fólk og fatlaða

Um er að ræða akstursþjónustu fyrir eldra fólk og fatlaða. Akstursþjónustan fer fram alla virka daga milli klukkan 07:00 – 18.00 og þjónustusvæði akstursþjónustunnar afmarkast við mörk sveitarfélagsins.

Að jafnaði eru um 40-50 einstaklingar sem eiga rétt á akstursþjónustunni en þeim getur, eðli málsins samkvæmt, fjölgað eða fækkað. Sveitarfélagið ákvarðar það hvaða einstaklingar eiga rétt á því að nýta sér akstursþjónustuna. Fulltrúi sveitarfélagsins hefur samband við þjónustuveitanda þegar umsókn um akstursþjónustu hefur verið samþykkt og veitir þjónustuveitanda upplýsingar um farþega ásamt upplýsingum um fjölda ferða sem hafa verið samþykktar. Fulltrúi sveitarfélagsins afhendir farþega upplýsingar um símanúmer og netfang þjónustuveitanda.

Þeir sem eiga rétt á þjónustunni geta óskað eftir akstri með því að hringja í þjónustuveitanda eða með því að senda honum tölvupóst. Ósk um akstur skal að jafnaði berast þjónustuveitanda með að lágmarki þriggja daga fyrirvara. Þeir sem eiga rétt á akstursþjónustunni skulu veita þjónustuveitanda upplýsingar um fastar ferðir næstu vikur eða næstu mánuði eftir því sem á við, s.s. fastar ferðir vegna vegna vinnu eða skólagöngu. Farþegar hafa heimild til að afpanta ferð með minnst tveggja klukkustunda fyrirvara.

Þjónustuveitanda er heimilt að skipuleggja akstur samkvæmt skilmálum þessum með það að markmiði að gæta hagræðis. Í því fellst að þjónustuveitanda er heimilt að samnýta bifreið og sækja aðra farþega á akstursleið sinni og farþegar geta því átt von á að þeir þurfi að deila bifreiðinni með öðrum farþegum sem eiga sömuleiðis rétt á þjónustunni. Þrátt fyrir heimild þjónustuveitanda samkvæmt ákvæði þessu er lögð áhersla á að heildartími aksturs, að meðtöldum biðtíma, sé eins stuttur og kostur er.

Þjónustuveitandi heldur utan um fjölda ferða sem farþegi hefur nýtt og sér til þess og ber ábyrgð á því að ferðir farþega séu í samræmi við samþykki sveitarfélagsins.

8.2.2 Akstur í og úr dagdvöl

Um er að ræða reglubundinn akstur eldra fólks í og úr dagdvöl. Akstur eldra fólks í og úr dagdvöl fer fram alla virka daga vikunar allar vikur ársins.

Að jafnaði eru um 30-35 einstaklingar sem þiggja akstur í og úr dagdvöl en þeim getur, eðli málsins samkvæmt, fjölgað eða fækkað. Eldra fólk sem skráð er í dagdvöl er sótt á heimili sitt að morgni dags og þeim er ekið upp á Höfða hjúkrunar- og dvalarheimili, Sólmundarhöfða 5, 300 Akranes. Hluti eldra fólks er svo sótt aftur í hádeginu og ekið aftur heim en aðrir eru sóttir í lok dags og ekið heim. Flestir eru sóttir á heimili sitt að morgni dags en í undantekningartilfellum eru aðilar sóttir á heimili sitt í hádeginu og ekið aftur heim í lok dags. Á föstudögum kjósa flestir það að vera sóttir aftur í hádeginu.

Þjónustuveitandi skal nýta tvær bifreiðar í akstur í og úr dagdvöl að morgni dags svo tryggt sé að allir sem skráðir eru í dagdvöl komi á svipuðum tíma.

Þjónustuveitandi er í samskiptum við fulltrúa sveitarfélagsins og fær upplýsingar frá honum hvaða aðilar eru skráðir í dagdvöl. Þjónustuveitandi útbýr akstursáætlanir út frá þeim upplýsingum og sendir þær á fulltrúa sveitarfélagsins með tölvupósti til samþykkis. Í akstursáætlun skal tilgreina stoppistaði og komutíma. Þjónustuveitandi skal ákveða ökuleiðir með það að markmiði að lágmarka akstursvegalengdir en auk þess skal lögð áhersla á það að heildartími aksturs, að meðtöldum biðtíma, sé eins stuttur og kostur er.

Akstursáætlanir fyrir næstu viku skulu liggja fyrir eigi seinna en kl. 12:00 á föstudegi. Þjónustukaupi hefur heimilt til að gera breytingu á mótttekinni akstursáætlun. Telji þjónustukaupi ástæðu til að gera breytingar á mótttekinni akstursáætlun skal hann senda þjónustuveitanda uppfærða aksturáætlun eigi síðar en klukkan 18:00 sama dag. Þjónustukaupi hefur auk þess heimild til að fella niður akstur samkvæmt akstursáætlun ef ástæða þykir til s.s. vegna veðurskilyrða og skal slík ákvörðun tilkynnt þjónustuveitanda með minnst tveggja klukkustunda fyrirvara.

Akstursþjónustan skal ávallt vera í samræmi við akstursáætlun, nema mjög óvenjulegar aðstæður s.s. veðurskilyrði á aksturssvæðinu komi í veg fyrir slíkt.

8.3 Almennar skyldur þjónustuveitanda

8.3.1 Ábyrgð

Þjónustuveitendur skulu ber ábyrgð á þjónustunni og framkvæmd hennar, þar með talið þjónustu undirverktaka, og bera ábyrgð á tjóni er sveitarfélagið eða þriðji aðili kann að verða fyrir við framkvæmd hennar. Þjónustuveitendur skulu í einu og öllu fara eftir íslenskum lögum og reglugerðum þegar kemur að framkvæmd þjónustunnar ásamt þeim reglum sem settar eru af sveitarfélaginu og gilda um þjónustuna og uppfylla allar kröfur sem opinber yfirvöld setja honum eða starfsemi hans.

8.3.2 Rekstarleyfi

Þjónustuveitandi ber að hafa gilt rekstrarleyfi útgefið af Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til hans samkvæmt ákvæðum laga nr. 88/2021 um gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála eins og þau eru á hverjum tíma.

8.3.3 Eftirlit

Sveitarfélagið skipar sérstakan fulltrúa til að annast samskipti við þjónustuveitanda á samningstímanum og hlutverk fulltrúans er að hafa eftirlit með því, fyrir hönd sveitarfélagsins, að þjónustan sé framkvæmd samkvæmt ákvæðum samnings. Eftirlit sveitarfélagsins kemur ekki í stað eftirlits Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála sem hefur einnig eftirlit með gæðum þjónustunnar samkvæmt lögum nr. 88/2021 um gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

8.3.4 Viðbragðsáætlun

Þjónustuveitandi skal útbúa viðbragðsáætlun fyrir alvarleg tilfelli sem geta haft veigamiklar afleiðingar fyrir bæði farþega og bílstjóra og/eða áhrif á þjónustuna. Í viðbragðsáætluninni skal fjallað um viðbrögð við eftirfarandi tilfellum:

- Árekstur og þar slys verða á fólki
- Árekstur/bilun þar sem engin slys eru á fólki
- Farþegi slasast
- Farþegi veikist
- Farþegi týnist
- Farþegi sýnir bílstjóra eða farþegum ógnaði hegðun
- Andlát í ökutæki
- Bílstjóri ásakaður um alvarlegt athæfi/háttsemi.

Þjónustuveitanda ber að senda viðbragðsáætlun til sveitarfélagsins til samþykkar og er skylt að kynna viðbragðsáætlunina fyrir bílstjórum sem sinna akstursþjónustu samkvæmt skilmálum þessum.

8.3.5 Þjónusta og aðstoð

Leggja skal ökutæki eins nálægt brottfara og áfangastað og mögulegt er með löglegum hætti. Vélar kyrrstæðra bifreiða er óheimilt að hafa í gangi eða skilja eftir í gangi lengur er nauðsynlegt er.

Bílstjórar skulu sýna sérstaka aðgát þegar tekið er á móti farþegum og þegar farþegum er hleypt út og ber að aðstoða farþega sem þurfa á aðstoð bílstjóra að halda. Bílstjórar skulu alla jafna koma inn í anddyri brottfararstaðar og sækja farþega og fylgja farþega inn í anddyri áfangastaðar. Heimilt er að gera undantekningu frá þessari reglu sé það tiltekið í skráningu fulltrúa þjónustukaupa að þess þurfi ekki.

Bílstjórar skulu leggja sig fram við að sýna öllum farþegum virðingu, áhuga og umhyggju. Þeim ber að skapa gott umhverfi með jafnrétti að leiðarljósi og vinna gegn fordómum, einelti og öðru ranglæti sem farþegar kunna að verða fyrir. Munir sem farþegar hafa gleymt í bifreiðum skal þjónustuveitandi varðveita og leitast við að koma í réttar hendur að nýju. Þjónustuveitanda og bílstjórum á hans vegum er óheimilt að fara með fjármuni farþega og óheimilt að gera samninga við farþega um akstur eða aðra þjónustu.

Fulltrúi sveitarfélagsins upplýsir þjónustuveitanda um það hvort umræddur farþegi sé með sérþarfir. Bílstjórar skulu undantekningarlaust fylgja upplýsingum sveitarfélagsins er varða sérþarfir farþega.

Öll tóbaksneysla í bifreiðum sem nýttar eru við akstursþjónustu samkvæmt skilmálum þessum er óheimil. Bann við neyslu tóbaks nær til allrar tóbaksneyslu, þ.m.t. munn- og neftóbaks svo og notkunar á rafsígarettum.

8.3.6 Umferðaröryggi og akstur við erfiðar aðstæður

Ávallt skal hugað að öryggi og velferð farþega og ber þjónustuveitandi ábyrgð á því að þjónustan sé samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða er varðar umferðaröryggi. Bifreiðastjóri skal tryggja að farþegar séu í öryggisbeltum við akstur með aðferðum sem teljast eðlilegar í mannlegum samskiptum.

Þjónustuveitendur skulu fylgjast með veðurspám til að koma í veg fyrir það að farþegum sé teflt í tvísýnu. Bílstjórar skulu ávallt huga sérstaklega að öryggi farþega við erfiðar og hættulegar aðstæður svo sem hálfu, ofankomu, vindhviður eða hverskonar aðstæður sem geta verið varhugaverðar og skapað hættu fyrir farþega.

8.3.7 Tilkynningarskylda

Þjónustuveitandi skal tryggja að fulltrúi sveitarfélagsins hafi ávallt réttar upplýsingar svo hægt sé að hafa samband við fyrirsvarsmann þjónustuveitanda og bifreiðastjóra sem sinna akstri hverju sinni.

Þjónustuveitandi skal afhenda sveitarfélaginu afrit af öllum samskiptum hans við yfirvöld sem tengist framkvæmd þjónustunnar á einhvern hátt. Ekki má sækja um undanþágu frá gildandi lögum eða reglugerðum án undangengins samþykkis sveitarfélagsins. Þjónustuveitanda bera að skila til sveitarfélagsins niðurstöðum allra skoðana/úttekta á bifreiðum ef eftir því er óskað, einnig við þegar bifreiðar eru endurnýjaðar.

Slys og önnur óhöpp í eða við bifreið, þar sem meiðsli verða á farþega skal þjónustuveitandi tilkynna fulltrúa sveitarfélagsins án tafar og gera nánari grein fyrir með skriflegum hætti eins fljótt og auðið er.

Komi í ljós að skráning fulltrúa sveitarfélagsins er varða sérþarfir eða óskir farþega og/eða upplýsingar samkvæmt akstursáætlun eru á einhvern hátt ófullnægjandi eða rangar ber að senda ábendingu þess efnis á fulltrúa sveitarfélagsins eins fljótt og auðið er. Ábendingar þjónustuveitanda geta t.d. varðað ranga skráningu á heimilisfangi, hjálparbúnaði eða virkni og ástandi farþega.

8.4 Bifreiðar

8.4.1 Lágmarksfjöldi bifreiða

Þjónustuveitandi skal að lágmarki hafa yfir að ráða eftirfarandi bifreiðum sem er ætlað er að sinna akstursþjónustu samkvæmt skilmálum þessum á samningstíma:

Bifreið	Hjólástólaaðgengi	Leyfilegur hámarksfjöldi farþega
1	Já - fyrir 2 hjólástóla	Að lágmarki 9
2	Já - fyrir 2 hjólástóla	Að lágmarki 9

Þjónustuveitandi skal auk þess hafa til reiðu eina varabifreið sem þjónustuaðili getur nýtt tímabundið s.s. vegna bilunar á bifreið þjónustuveitanda. Leyfilegur hámarksfjöldi farþega í varabifreið skal vera að lágmarki 9. Varabifreið þarf ekki að vera með hjólástólaaðgengi. Varabifreið þarf ekki að vera í eigu þjónustuveitanda. Sé varabifreið ekki í eigu þjónustuveitanda þarf hann að leggja fram skuldbindandi yfirlýsingu þriðja aðila þess efnis að þjónustuveitandi hafi ótakmarkaðan aðgang að varabifreið til að sinna þjónustu á grundvelli skilmála þessara vegna bilunar og viðgerðar á bifreið sem er í hans eigu.

Þjónustuveitandi skal eigi síðar en 14 almanaksdögum áður en akstur hefst samkvæmt skilmálum þessum veita fulltrúa sveitarfélagsins nákvæmar upplýsingar um bifreiðar sem hann hyggst nota við aksturinn.

8.4.2 Almennar lágmarkskröfur til bifreiða

8.4.2.1 Almennar kröfur

Bifreiðar skulu vera búnar til flutnings á hreyfihömluðu fólki og uppfylla allar aðrar kröfur sem gerðar eru til slíkrar bifreiðar samkvæmt reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja. Þjónustuveitandi skal skila inn vottorði um að búnaður bifreiða uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til bifreiða sem ætlaðar eru til flutnings á hreyfihömluðu fólki sé þess óskað af sveitarfélaginu.

8.4.2.2 Eftirlits- og samskiptabúnaður

Bifreiðar skulu vera útbúnar myndavélum með hljóðupptöku og skulu allar ferðir teknar upp. Þjónustuveitandi ber ábyrgð á því að notkun búnaðarins sé í samræmi við ákvæði laga og reglna er varða rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga. Í bifreiðum skal auk þess vera virkur samskiptabúnaður.

8.4.2.3 Rampur og lyftupallur

Ef að hæð frá jörðu og upp í gólf ökutækis er meiri en 100mm þá skal ökutæki vera útbúinn með ramp eða lyftupalli fyrir hjólástól.

Rampur skal vera í heilu lagi. Halli þarf að vera undir 15%. Breidd ramps skal að lágmarki vera 800mm og brúnir hliða þurfa að vera a.m.k. 30mm háar. Rampur þarf að vera sem stystur þannig að meðferð hans sé þægileg og hann nýtist þjónustunni sem best. Lyftupallur skal að lágmarki vera 800mm breður og a.m.k. 1.000mm langur. Á lyftupalli þarf að vera útafaksturshindrun og búnaður sem varnar því að hjólástóll geti runnið út af pallinum. Lyftupallur þarf að geta lyft a.m.k. 300 kg. Yfirborð ramps og lyftupalls skal vera skriðruggt, bæði í þurru og votu veðri.

Frekari upplýsingar og kröfur er varða rampa og lyftupalla eru að finna í reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja og Evróputilskipun 2001/85 (DIRECTIVE 2001/85/EC) og skal bifreið

þjónustuveitanda uppfylla allar þær kröfur sem þar er að finna.

8.4.2.4 Upphitun og hitastig

Í bifreiðum skal vera öflug upphitun og skal hitastig í upphafi ferða að jafnaði vera komið í +12°C.

8.4.2.5 Orkunýtni og losun

Ákvæði fer út þar sem við gerum kröfur um að lágmarksfjöldi farþegar sé 9 en ekki 8.

Hlutfall bifreiða sem notaðar er í akstursþjónustu samkvæmt skilmálum þessum og eru í flokkum B skal vera í samræmi við lágmarkskröfur reglugerðar nr. 1330/2023 um opinber innkaup á vistvænum og orkunýtnum ökutækjum eins og hún er hverju sinni.

8.4.2.6 Ástand og ásigkomulag

Bifreiðar þjónustuveitanda skulu hafa staðist árlega leyfisskoðun og uppfylla skilyrði til fólksflutninga samkvæmt lögum þar um, reglugerðum og settum reglum um öryggi farþega, gerð, búnað og notkun öryggis- og verndarbúnaðar og merkingu bifreiða sem í gildi eru á hverjum tíma. Bifreiðum skal vel við haldið og skulu vera í góðu ásigkomulagi og búnar með tilliti til akstursskilyrða á hverjum tíma. Þær skulu vera reyklaugar, þrífnaðar að innan og utan með reglubundnum hætti.

Þjónustuveitanda er með öllu óheimilt að setja auglýsingar á eða í bifreið sem notuð er við akstur samkvæmt samningi þessum, nema með sérstöku samþykki þjónustukaupa.

8.4.2.7 Úttekt á bifreiðum

Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að framkvæma skoðun/úttekt á bifreiðum þegar þær eru endurnýjaðar eða þegar það telur af öðrum ástæðum rétt að framkvæma skoðun/úttekt á bifreið. Um er að ræða sjónræna úttekt á bifreið og búnaði sem krafa er gerð um skv. skilmálum þessa. Sjónræn úttekt samkvæmt ákvæði þessu kemur ekki í stað skoðunar/úttekta viðurkenndra eða opinberra aðila. Sé viðhaldi bifreiða ábótavant eða þær ekki hæfar til notkunar að mati sveitarfélagsins áskilur það sér heimild til þess að hafna notkun viðkomandi bifreiðar.

8.5 Bifreiðastjórar

8.5.1 Fjöldi bifreiðastjóra

Fjöldi bifreiðastjóra á vegum þjónustuveitanda sem er til taks hverju sinni skal vera nægjanlegur svo tryggt sé að allar bifreiðar þjónustuveitanda geti verið í notkun samtímis sé þörf á því.

8.5.2 Hæfi

Bifreiðastjórar skulu hafa aukin ökuréttindi og hafa sótt skyndihjálparnámskeið og önnur þau námskeið sem sérstaklega eru ætluð bifreiðastjórum fólksflutningabíla. Ekki skal hafa liðið lengri tími en þrjú ár frá því að bílstjóri sótti skyndihjálparnámskeið síðast.

Bifreiðastjórar skulu tala íslensku og ensku og vera heilir heilsu og uppfylla eðlilegar kröfur um hæfni til að geta sinnt aksturþjónustu samkvæmt skilmálum þessum með fullnægjandi hætti. Bifreiðastjórar skulu ekki hafa hlotið refsisdóm fyrir brot á ákvæðum XXII og XXIII. kafla almennra hegningarlaga. Áður en bifreiðastjórar taka til starfa skal liggja fyrir heimild sveitarstjórnar til þess að afla upplýsinga úr sakaskrá.

Bifreiðastjórar sem sinna akstursþjónustu fyrir fatlaða skulu hafa lokið öllum (4) námskeiðum barna- og fjölskyldustofu um Kynferðisofbeldi og kynferðisleg hegðun barna og unglinga og ber þjónustuveitanda að senda fulltrúa sveitarfélagsins staðfestingu þess efnis áður en bifreiðastjóri tekur að sér akstursþjónustu fatlaða samkvæmt skilmálum þessum.

Bifreiðastjórar skulu gæta fyllstu þagmælsku um einkamál farþega, er þeir fá vitneskju um og skal

pagnarskylda halda þótt bifreiðastjóri láti af störfum. Þeir skulu vera bundnir tilkynningarskyldu til barnaverndaryfirvalda þótt þeir séu ekki starfsmenn á vegum sveitarfélagsins. Bifreiðastjórar skulu ekki yfirgefa bifreið þegar farþegar eru í bifreiðinni, nema rík ástæða sé til og þá í eins skamman tíma og hægt er.

Bifreiðastjóra skulu hvorki reykja né nota rafrettur, nikótínþúða eða muntóbak við akstur og meðan beðið er eftir farþegum.

8.5.3 Upplýsingar um Bifreiðastjóra

Þjónustuveitandi skal afhenda fulltrúa sveitarfélagsins eftirfarandi upplýsingar er varða bifreiðastjóra áður en bifreiðastjóri tekur að sér akstur samkvæmt skilmálum þessum:

- Afrit af ökuleyfi,
- Afrit af þáttökuskírteini/um skyndihjálpanámskeiða,
- Afrit af nýlega útgefnu sakavottorði,
- Afrit af viðeigandi diplómaskjölum útgefnum af Barna- og fjölskyldustofu,
- Afrit af nýlega útgefnu læknisvottorði sem staðfestir hæfi bifreiðastjóra til að sinna akstri.

Ef fram koma ábendingar á gildistíma samnings sem skapa rökstuddan vafa á hæfi bifreiðastjóra til að sinna akstri áskilur sveitarfélagið sér rétt til þess að óska eftir því að ofangreind gögn séu lögð fram að nýju innan tveggja vikna. Séu ofangreind gögn ekki skilað inn innan þess tíma verður viðkomandi bifreiðastjóra, frá þeim tíma, framvegis óheimilt að sinna akstri samkvæmt skilmálum þessum.

8.6 Tryggingar

8.6.1 Lög- og samningsbundin gjöld og tryggingar

Þjónustuveitandi skal vera með allar lögboðnar tryggingar í gildi sem eiga við um hans starfsemi. Allt starfsfólk þjónustuveitanda skal vera tryggt í samræmi við ákvæði kjarasamninga og þjónustuveitandi skal standa í skilum með lögboðin og samningsbundin gjöld sem fylgir því að hafa fólk í vinnu og selja þjónustu. Hvenær sem er á samningstíma getur sveitarfélagið krafist gagna til staðfestingar á því, að lögboðin gjöld, s.s. staðgreiðsla skatta, tryggingagjöld, virðisaukaskattur, lífeyrissjóðsgjöld, stéttarfélagsgjöld o.s.frv. séu í skilum. Þjónustuveitandi skal afhenda sveitarfélaginu afrit af skírteinum fyrir þeim tryggingum, sem hann greiðir fyrir vegna þjónustunnar á hverjum tíma, ásamt staðfestingu á greiðslu iðgjalda af þessum tryggingum sé þess óskað.

8.6.2 Frjáls ábyrgðartrygging

Þjónustuveitandi skal vera með frjálsa ábyrgðartryggingu fyrir tjóni er hann kann að valda sveitarfélaginu eða þriðja aðila sem er að lágmarki uppá 300.000.000 kr. Auk þess ber þjónustuveitandi að sjá til þess að undirverktakar hafi sambærilegar ábyrgðartryggingar. Þjónustuveitandi skal afhenda sveitarfélaginu afrit af skírteinum sé þess óskað.

8.6.3 Samningstrygging

Til tryggingar því að þjónustuveitandi standi við allar skuldbindingar sínar gagnvart sveitarfélaginu skal hann, áður en akstur samkvæmt skilmálum þessum hefst, afhenda sveitarfélaginu samningstryggingu upp á 1.000.000 kr. sem skal standa óbreytt til samningsloka.

Skilmálar ofangreindrar tryggingar skulu þannig orðaðir, að sveitarfélagið geti krafist greiðslu tryggingarinnar að einhverju eða öllu leyti, án undangengins dómsúrskurðar, telji sveitarfélagið það nauðsynlegt til að ljúka þjónustu, til greiðslu bóta sem kveðið er á um í skilmálum eða til greiðslu á hvers konar kostnaði sem sveitarfélagið verður fyrir vegna vanefnda þjónustuveitanda á ákvæðum samningsins svo og til endurgreiðslu á ofgreiddum þóknunum. Greiðsla skal framkvæmd innan 14 daga frá því hennar er krafist. Sveitarfélagið skal eigi síðar en 10 dögum eftir lok samningstíma gefa út heimild til að fella trygginguna úr gildi.

8.7 Greiðslur og frestir

8.7.1 Aksturs- og kílómetragjöld

8.7.1.1 Akstursgjald

Fyrir akstursþjónustu fyrir fatlaða samkvæmt skilmálum þessum fær þjónustuveitandi greitt akstursgjald og eftir tilvikum álag samkvæmt tilboði að teknu tilliti til ákvæða þjónustuskilmála þessara. Akstursgjald er það gjald sem greitt er fyrir sérhverja ferð farþega frá brottfararstað til áfangastaðar eða frá áfangastað aftur á brottfararstað, óháð því hvort farþegi er einn í bifreið þjónustuveitanda eða deilir henni með öðrum farþegum, sem eiga sömuleiðis rétt á þjónustunni. Ofan á akstursgjöld leggst sérstakt álag þegar um er að ræða akstur á farþega sem er í hjólastól og bifreið sem nýtt er við akstur uppfyllir allar kröfur er varða flutning hreyfihamlaðra samkvæmt reglugerð nr. 822/2004.

Innifalið í akstursgjaldi og álagi er allur kostnaður þjónustuveitanda sem fellur til vegna þjónustunnar án nokkurrar takmörkunar. Akstursgjöld skulu haldast óbreytt þótt umfang þjónustunnar breytist á samningstíma. Einungis er greitt fyrir ferðir sem farþegar óskuðu eftir og sveitarfélagið hafði samþykkt að farþegi átti rétt á.

8.7.1.2 Kílómetragjald

Fyrir akstursþjónustu fyrir aldraða samkvæmt skilmálum þessum fær þjónustuveitandi greitt kílómetragjald samkvæmt tilboði að teknu tilliti til ákvæða þjónustuskilmála þessara. Þegar kemur að akstursþjónustu samkvæmt akstursáætlun þá er einungis greitt fyrir akstur milli skilgreindra stoppistöðva en ekki fyrir akstur þjónustuveitanda frá starfsstöð hans að fyrstu stoppistöð innan akstursleiðar og/eða akstur þjónustuaðila frá síðustu stoppistöð innan akstursleiðar aftur til starfsstöðvar þjónustuveitanda.

Innifalið í kílómetragjaldi er allur kostnaður þjónustuveitanda sem fellur til vegna þjónustunnar án nokkurrar takmörkunar. Kílómetragjöld skulu haldast óbreytt þótt umfang þjónustunnar breytist á samningstíma s.s. vegna breytinga á akstursáætlun, akstursleiða eða fjölda ferða.

8.7.2 Verðlagsgrundvöllur

Aksturs- og kílómetragjöld eru verðtryggð samkvæmt vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Aksturs- og kílómetragjöld skulu endurskoðuð með sex (6) mánaða millibili, 1. janúar og 1. júlí ár hvert. Fyrsta endurskoðun skal fara fram 1. janúar 2026. Grunnvísitala samningsins er gildandi vísitala neysluverðs á opnunardegji tilboða.

8.7.3 Greiðslufyrirkomulag og greiðslufrestur

Gefa skal út reikninga mánaðarlega. Þjónustuveitandi skal senda reikninga til þjónustukaupa á rafrænu formi, samkvæmt kröfum þjónustukaupa hverju sinni á samningstímabilinu. Reikningar sem berast með öðru móti, t.d. á pappírformi eða sem pdf skjöl í tölvupósti verður hafnað og þeir endursendir.

Reikningar skulu stílaðir á:

Akraneskaupstaður V/Samþættrar akstursþjónustu
kt: 410169-4449
Dalbraut 4
300 Akranesi

Með reikningum skulu fylgja akstursskýrslur samkvæmt forskrift þjónustukaupa. Þjónustukaupandi áskilur sér 20 daga greiðslufrest miðað við komudagsetningu reiknings nema að um annað hafi sérstaklega verið samið. Ef reikningur er ekki sendur á réttan stað eða ber ekki með sér nægar upplýsingar til að staðfesta réttmæti hans gildir ekki fyrirheit um greiðslufrest.

8.8 Önnur atriði

8.8.1 Endurskoðunarákvæði – Breytingar á samningstíma

Aðilar geta á gildistíma samnings hvor um sig óskað eftir viðræðum um endurskoðun á einstökum atriðum hans. Verði af hálfu beggja samningsaðila fallist á breytingu skulu þær gerðar skriflega sem viðauki við samning.

Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að gera breytingar á samningi á samningstímanum að því marki sem heimilt er samkvæmt 90. gr. OIL. Breytingar geta bæði verið skv. samkomulagi við þjónustuveitanda eða aðra aðila ef um vanefndir þjónustuveitanda er að ræða og/eða vegna uppsagnar á þjónustusamningi og nauðsynlegt er að semja við annan aðila um að uppfylla samningsskyldur þjónustuveitanda. Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að heimila breytta aðild að samningnum án nýs útboðs ef þjónustuveitandi verður gjaldþrota.

Ef lagabreytingar eða tækninýjungar kalla á breytingar á þjónustunni er heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samningi á samningstíma innan marka 90. gr. OIL. Sama máli gegnir ef ófyrirséðir tæknilegir örðugleikar hafa komið upp við starfrækslu eða viðhald.

Sveitarfélagið áskilur sér auk þess rétt til að gera eftirfarandi breytingar á samningi aðila á samningstímanum:

- Að gera breytingar á lágmarksfjölda bifreiða sé slíkt talið nauðsynlegt að mati sveitarfélagsins.
- Að gera breytingar á fyrirkomulagi akstursþjónustunnar eins og hún er skipulögð og útfærð samkvæmt skilmálum þessum.
- Að fella kaup á tilfallandi akstri undir samning samkvæmt skilmálum þessum.

8.8.2 Féviti

Vanefni þjónustuveitandi skyldur sínar samkvæmt samningi er sveitarfélaginu heimilt að draga frá samningsgreiðslum til þjónustuveitanda 15.000 kr. í eftirfarandi tilvikum:

- Tilgreindur komutími ekki virtur, þ.e. ef farþegi/farþegar var/voru sóttur/sóttir ≥ 10 mínútum of seint.
- Bifreið sem notuð var við akstur uppfyllir ekki lágmarkskröfur.
- Reykingabann í bifreið ekki virt.
- Kröfur er varða námskeið og þjálfun bifreiðastjóra ekki uppfylltar.

en einnig þegar þjónustuveitandi hagar þjónustunni, á einhvern annan hátt, í ósamræmi við skilmála þessa, gildandi lög og reglugerðir. Sveitarfélaginu er auk þess heimilt að draga frá samningsgreiðslum til þjónustuveitanda 30.000 kr. ef farþegi/farþegar var/voru sóttur/sóttir ≥ 20 mínútum of seint og 150.000 kr. ef farþegum er ekið og hleypt út á röngum áfangastað.

8.8.3 Uppsögn samnings

Uppsögn samnings sem gerður er á grundvelli skilmála þessara skal vera skrifleg og send með sannanlegum hætti. Uppsagnarfrestur telst hefjast fyrsta dag næsta mánaðar eftir að uppsögn var send.

Þrátt fyrir ofangreint áskilur sveitarfélagið rétt til að segja samningi sem gerður er á grundvelli skilmála þessara upp fyrirvaralaust ef vanefndir þjónustuveitanda eru verulegar eða þegar um er að ræða ítrekaðar vanefndir og þjónustuveitandi hefur a.m.k. tvisvar verið skriflega aðvaraður um mögulega uppsögn vegna vanefnda. Sveitarfélaginu er sömuleiðis heimilt að segja upp samningi fyrirvaralaust leiti þjónustuveitandi nauðasamninga eða greiðslustöðvunar, verði hann úrskurðað/ur gjaldþrota eða árangurslaust fjárnám gert í búi hans.

8.8.4 Óviðráðanleg öfl

Hvorugur aðili skal vera ábyrgur gagnvart hinum vegna vanefnda á skyldum samkvæmt samningi ef ástæður vanefndanna má rekja til óviðráðanlegra aflu (Force Majeure).

Í samningi merkir hugtakið óviðráðanleg öfl (force majeure) ytri atvik sem ekki verða séð fyrir og ekki er unnt að koma í veg fyrir jafnvel þótt gripið hefði verið til réttmætra ráðstafana. Falla hér undir náttúruhamfarir, stríð, viðskiptabann, farsóttir, verkfall eða annað sambærilegt sem hamlar verulega eða hindrar framkvæmdir. Til óviðráðanlegra afla skv. samningi teljast ekki atvik sem aðila ætti að vera ljóst, við undirritun samnings, að upp geti komið og hægt er að komast hjá við framkvæmd verkefnisins.

Sá aðili sem bera vill fyrir sig óviðráðanleg öfl (force majeure) samkvæmt samningi, skal hafa sönnunarbyrði um tilvist slíkra óviðráðanlegra afla. Misbrestur eða aðgerðarleysi skal, að því er grein þessa varðar, því aðeins teljast vera af völdum óviðráðanlegra afla (force majeure) að sá aðili, sem hlut á að slíkum misbresti eða aðgerðarleysi, sanni (a) að misbrestur hans eða aðgerðarleysi sé bein afleiðing af óviðráðanlegum öflum (force majeure) eins og þau eru skilgreind í samningi og (b) að hann hafi sýnt hæfilega aðgæslu og gripið til allra annarra ráða, sem eðlileg mega teljast, til þess að forðast slíkan misbrest eða aðgerðarleysi.

Hvor aðili skal tafarlaust tilkynna hinum um óviðráðanleg öfl (force majeure) sem valda misbresti eða aðgerðarleysi um að efna skuldbindingar hans samkvæmt samningi. Jafnframt skal aðilinn gera allt, sem í hans valdi stendur, til þess að draga úr áhrifum þessa misbrests hans eða aðgerðarleysis um fullar efndir og skal strax og óviðráðanlegum öflum (force majeure) er ekki lengur til að dreifa gera allar eðlilegar ráðstafanir, sem á hans valdi eru, til að hefjast handa á ný um að efna slíkar skuldbindingar, með minnstu mögulegu töfum.

8.8.5 Keðjuábyrgð

Þjónustuveitandi skal tryggja og ber ábyrgð á að allir starfsmenn, hvort sem um ræðir starfsmenn hans, undirverktaka eða starfsmannaleiga, fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni.

Hvenær sem er á samsamningstíma skal þjónustuveitandi geta sýnt fram á að öll réttindi og skyldur skv. ofangreindu séu uppfyllt. Þjónustuveitandi skal framvísa gögnum sem sýna fram á að ofangreind réttindi og skyldur séu uppfyllt innan 5 virkra daga frá þeim degi sem gagnanna er óskað. Séu gögn ekki afhent innan þess tíma eða þjónustuveitandi getur ekki sýnt fram á að ofangreind réttindi eða skyldur séu uppfylltar að mati sveitarfélagsins, er sveitarfélaginu heimilt að innheimta dagsektir úr hendi þjónustuveitanda að fjárhæð allt að 50.000 án VSK á dag, fyrir hvern starfsmann þar sem réttindi eru brotin á, eða fyrir hvern dag sem gögn eru ekki afhent innan tilgreinds tímafrests. Dagsektir skulu greiddast þar til bætt hefur verið úr.

Sveitarfélaginu er heimilt að halda eftir samningsgreiðslum og greiða vangoldnar verktakagreiðslur til undirverktaka og annarra starfsmanna, sem svara til launatengdra greiðslna, á kostnað þjónustuveitanda, standi hann ekki í skilum með slíkar greiðslur.

8.8.6 Framsal á réttindum og skyldum

Þjónustuveitanda er óheimilt, án samþykkis sveitarfélagsins, að fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum í sinn stað, að hluta eða öllu leyti. Ef þjónustuveitandi felur undirverktaka að taka að sér einstaka þætti skal tilkynna það sveitarfélaginu skriflega og breytast í engu skyldur hans gagnvart sveitarfélaginu. Þjónustuveitanda er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi þessum án skriflegs samþykkis sveitarfélagsins.

8.8.7 Farsóttir

Þjónustuveitandi skal gera ráð fyrir hverskyns kostnaði sem kann að falla til vegna ráðstafana sem fyrrséð er að kunni að þurfa að grípa til vegna faraldra/farsóttar. Þjónustuveitandi skal þegar í stað upplýsa sveitarfélagið komi upp aðstæður sem tengjast Covid-19 faraldrinum eða öðrum faröldrum/farsóttum sem kunna að hafa áhrif á framkvæmd þjónustunnar.

8.8.8 Ágreiningsmál

Rísi ágreiningur á milli aðila út af samningi sem gerður er á grundvelli skilmála þessara skal hann rekinn fyrir Héraðsdómi Vesturlands.

9. Þjónustuskilmálar - Akstur máltíða

9.1 Gildissvið og markmið

9.1.1 Gildissvið

Skilmálar þessir gilda um heimsendingu máltíða sem er hluti af heimaþjónustu sveitarfélagsins. Um er að ræða þjónustu fyrir þá sem geta ekki annast matseld sjálfir og eiga rétt á heimaþjónustu samkvæmt reglum sveitarfélagsins. Skilmálar þessir gilda ekki um heimilishjálp sem er einnig hluti af heimaþjónustu sveitarfélagsins.

Í skilmálum þessum er kveðið á um skyldur og réttindi samningsaðila á samningstíma. Öll útboðsgögn vegna útboðsins skulu teljast hluti þessa skilmála. Komi upp misræmi milli gagna, skulu þau sem gera ríkari kröfur á hendur þjónustuveitanda ganga fram. Að loknu innkaupaferli þegar tilboð hefur verið samþykkt verður útbúinn sérstakur samningur þar sem fjallað verður um samningssamband aðila með tæmandi hætti samningsaðilum til hagræðingar. Samningurinn verður í samræmi við samþykkt tilboð og samkvæmt skilmálum þessum.

9.1.2 Markmið

Meginmarkmið sveitarfélagsins er að tryggja þeim sem eiga rétt á þjónustunni vandaða og góða þjónustu á hagkvæman og skilvirkan máta og stuðla að því að þeir geti búið sem lengst í heimahúsum, við sem eðlilegastar aðstæður.

9.1.3 Gildistími

Gildistími samninga um akstursþjónustu skal vera fjögur (4) ár frá því að akstursþjónusta hefst. Heimilt er að framlengja samningnum tvisvar (2) sinnum um eitt (1) ár í senn, þannig að samningstími getur mest orðið sex (6) ár. Samningar um akstursþjónustu skulu vera uppsegjanlegir af beggja hálfu, með þriggja (3) mánaða fyrirvara, í fyrsta lagi sex (6) mánuðum eftir að akstursþjónusta samkvæmt samningi hófst.

Akstursþjónusta samkvæmt skilmálum þessum skal hefjast eigi síðar en 1. ágúst 2025.

9.1.4 Lög og reglugerðir

Þjónusta samkvæmt skilmálum þessum skal undantekningarlaust vera í samræmi við reglur sveitarfélagsins eins og þær eru á hverjum tíma og í samræmi við ákvæði laga og reglna sem um þjónustuna gilda. Stangist ákvæði skilmála þessa á við lög og reglur, víkur textinn fyrir ákvæðum þeirra.

9.2 Akstur máltíða

9.2.1 Heimsending máltíða

Um er að ræða heimsendingu máltíða til þeirra sem geta ekki annast matseld sjálfir og eiga rétt á heimaþjónustu samkvæmt reglum sveitarfélagsins. Um er að ræða reglubundna þjónustu sem fer fram alla daga, allan ársins hring.

9.2.2 Fyrirkomulag

Þjónustuveitandi sækir máltíðir/matarbakka á hjúkrunarheimilið Höfða og kemur þeim til skila á heimili/dvalarstað þjónustuþega. Þjónustuveitandi skal sækja máltíðir/matarbakka milli klukkan 10:15 og 10:45. Þjónustuveitandi fær lista yfir þá þjónustuþegar sem eiga að fá sendar máltíðir/matarbakka þegar mætir á hjúkrunarheimilið. Þjónustuveitandi sér um koma máltíðum/matarbökkum hratt en örugglega til skila á heimili/dvalarstað þjónustuþega þar sem hann er tilgreindur á lista yfir þjónustuþega.

Matarbakkar skulu lagðir á þann stað sem þjónustukaupi og/eða þjónustuþegi tilgreinir. Matarbakkar frá deginum áður skulu teknir til baka og skilað aftur til hjúkrunarheimilisins þegar máltíðir/matarbakkar eru sóttir á hjúkrunarheimilinu næsta dag. Þjónustuveitandi skal haga heimsendingu máltíða samkvæmt skilmálum þessum með skipulögðum hætti þannig að aksturstíma og akstursvegalengdum sé haldið í lágmarki. Ávallt skal aka stystu vegalengd og óheimilt er að hafa vélar kyrrstæðra bifreiða í gangi eða skilja eftir í gangi lengur er nauðsynlegt er.

9.2.3 Viðmót og þjónusta

Bílstjórar skulu vera liprir í samskiptum og bera virðingu og umhyggju gagnvart þeim sem nýta sér þjónustu samkvæmt skilmálum þessum. Verði bifreiðastjóri var við eitthvað óvanalegt s.s. veikindi og/eða einhverskonar breytingar á heilsufari þjónustuþega skulu þeir tafarlaust hafa samband við fulltrúa þjónustukaupa. Þjónustuveitanda og bílstjórum á hans vegum er óheimilt að fara með fjármuni þjónustuþega og óheimilt að gera samninga við þá um akstur eða aðra þjónustu.

9.2.4 Eftirlit

Sveitarfélagið skipar sérstakan fulltrúa til að annast samskipti við þjónustuveitanda á samningstímanum og hlutverk fulltrúans er að hafa eftirlit með því, fyrir hönd sveitarfélagsins, að þjónustan sé framkvæmd samkvæmt ákvæðum samnings.

9.3 Skyldur þjónustuveitanda

9.3.1 Ábyrgð

Þjónustuveitandi ber ábyrgð á þjónustunni og framkvæmd hennar, þar með talið þjónustu undirverktaka, og ber ábyrgð á tjóni er þjónustukaupi eða þriðji aðili kann að verða fyrir við framkvæmd hennar. Þjónustuveitandi skal í einu og öllu fara eftir íslenskum lögum og reglugerðum þegar kemur að framkvæmd þjónustunnar ásamt þeim reglum sem settar eru af sveitarfélaginu og gilda um þjónustuna og uppfylla allar kröfur sem opinber yfirvöld setja honum eða starfsemi hans.

9.3.2 Sérstakar aðstæður vegna óveðurs

Ef verðuraðstæður og ófærð koma í veg fyrir það að þjónustuveitandi geti komið máltíðum til skila skal hann tafarlaust hafa samaband við fulltrúa þjónustukaupa svo hægt sé að leyta annarra leiða til að koma máltíðum til skila.

9.3.3 Akstursskýrslur

Þjónustuveitandi skal skrá niður allan akstur á máltíðum sem fellur undir skilmála þessa. Akstursskýrslur skulu vera samkvæmt forskrift þjónustukaupa eins og hann ákveður hverju sinni á samningstímabilinu.

9.3.4 Upplýsingarskylda

Þjónustuveitandi skal tryggja að þjónustukaupi hafi ávallt réttar upplýsingar svo hægt sé að hafa samband við fyrirsvarsmann þjónustuveitanda og bifreiðastjóra sem sinna akstri hverju sinni.

Þjónustuveitandi skal afhenda þjónustukaupa afrit af öllum samskiptum hans við yfirvöld sem tengist framkvæmd þjónustunnar á einhvern hátt. Ekki má sækja um undanþágu frá gildandi lögum eða reglugerðum án undangengins samþykkis þjónustukaupa. Þjónustuveitanda bera að skila til þjónustukaupa niðurstöðum allra skoðana/úttekta á bifreiðum ef eftir því er óskað.

9.4 Bifreiðar

9.4.1 Lágmarkskröfur

Allar bifreiðar sem verða notaðar við að flytja máltíðir skulu vera sérstaklega útbúnar til þess og

uppfylla kröfur sem til þeirra eru gerðar samkvæmt ákvæðum laga og reglna.

9.4.2 Upplýsingar og skoðun á bifreið

Þjónustuveitandi skal eigi síðar en 14 almanaksdögum áður en akstur hefst samkvæmt skilmálum þessum veita fulltrúa sveitarfélagsins nákvæmar upplýsingar um bifreiðar sem hann hyggst nota við aksturinn. Sveitarfélagið áskilur sér auk þess rétt til þess að fá aðila, sem sveitarfélagið tilnefnir, til að skoða bifreið sem þjónustuveitandi notar undir flutning á máltíðum samkvæmt skilmálum þessum til að ganga úr skugga um að bifreiðar þjónustuveitanda uppfylli þær kröfur sem til hennar eru gerðar.

9.5 Bifreiðastjórar

9.5.1 Hæfi

Bifreiðastjórar skulu hafa sótt skyndihjálparnámskeið og ekki skal hafa liðið lengri tími en þrjú ár frá því að bílstjóri sótti skyndihjálparnámskeið síðast. Bifreiðastjórar skulu tala íslensku og ensku og vera heilir heilsu og uppfylla eðlilegar kröfur um hæfni til að geta sinnt aksturþjónustu samkvæmt skilmálum þessum með fullnægjandi hætti. Bifreiðastjórar skulu ekki hafa hlotið refsisdóm fyrir brot á ákvæðum XXII og XXIII. kafla almennra hegningarlaga. Áður en bifreiðastjórar taka til starfa skal liggja fyrir heimild sveitarstjórnar til þess að afla upplýsinga úr sakaskrá.

Bifreiðastjórar sem sinna akstursþjónustu fyrir fatlaða skulu hafa lokið öllum (4) námskeiðum barna- og fjölskyldustofu um Kynferðisofbeldi og kynferðisleg hegðun barna og unglinga og ber þjónustuveitanda að senda fulltrúa sveitarfélagsins staðfestingu þess efnis áður en bifreiðastjóri tekur að sér akstursþjónustu fatlaða samkvæmt skilmálum þessum. Bifreiðastjórar skulu gæta fyllstu þagmælsku um einkamál einstaklinga, er þeir fá vitneskju um og skal þagnarskylda halda þótt bifreiðastjóri láti af störfum.

9.5.2 Upplýsingar um Bifreiðastjóra

Þjónustuveitandi skal afhenda þjónustukaupanda eftirfarandi upplýsingar er varða bifreiðastjóra áður en bifreiðastjóri tekur að sér akstur samkvæmt skilmálum þessum:

- Afrit af ökuleyfi,
- Afrit af þáttökuskírteini/um skyndihjálpanámskeiða,
- Afrit af nýlega útgefnu sakavottorði.

Ef fram koma ábendingar á gildistíma samnings sem skapa rökstuddan vafa á hæfi bifreiðastjóra til að sinna akstri áskilur þjónustukaupi sér rétt til þess að óska eftir því að ofangreind gögn séu lögð fram að nýju innan tveggja vikna. Séu ofangreind gögn ekki skilað inn innan þess tíma verður viðkomandi bifreiðarstjóra, frá þeim tíma, framvegis óheimilt að sinna akstri samkvæmt skilmálum þessum.

9.6 Tryggingar

9.6.1 Lög- og samningsbundin gjöld og tryggingar

Þjónustuveitandi skal vera með allar lögboðnar tryggingar í gildi sem eiga við um hans starfsemi. Allt starfsfólk þjónustuveitanda skal vera tryggt í samræmi við ákvæði kjarasamninga og þjónustuveitandi skal standa í skilum með lögboðin og samningsbundin gjöld sem fylgir því að hafa fólk í vinnu og selja þjónustu. Hvenær sem er á samningstíma getur þjónustukaupi krafist gagna til staðfestingar á því, að lögboðin gjöld, s.s. staðgreiðsla skatta, tryggingagjöld, virðisaukaskattur, lífeyrissjóðsgjöld, stéttarfélagsgjöld o.s.frv. séu í skilum. Þjónustuveitandi skal afhenda þjónustukaupa afrit af skírteinum fyrir þeim tryggingum, sem hann greiðir fyrir vegna þjónustunnar á hverjum tíma, ásamt staðfestingu á greiðslu iðgjalda af þessum tryggingum sé þess óskað.

9.6.2 Frjáls ábyrgðartrygging

Þjónustuveitandi skal vera með frjálsa ábyrgðartryggingu fyrir tjóni er hann kann að valda þjónustukaupa eða þriðja aðila sem er að lágmarki uppá 300.000.000 kr. Auk þess ber þjónustuveitandi að sjá til þess að undirverktakar hafi sambærilegar ábyrgðartryggingar. Þjónustuveitandi skal afhenda þjónustukaupa afrit af skírteinum sé þess óskað.

9.6.3 Samningstrygging

Til tryggingar því að þjónustuveitandi standi við allar skuldbindingar sínar gagnvart þjónustukaupa skal hann, áður en akstur samkvæmt skilmálum þessum hefst, afhenda þjónustukaupa samningstryggingu upp á 500.000 kr. sem skal standa óbreytt til samningsloka.

Skilmálar ofangreindrar tryggingar skulu þannig orðaðir, að þjónustukaupi geti krafist greiðslu tryggingarinnar að einhverju eða öllu leyti, án undangengins dómsúrskurðar, telji þjónustukaupi það nauðsynlegt til að ljúka þjónustu, til greiðslu bóta sem kveðið er á um í skilmálum eða til greiðslu á hvers konar kostnaði sem þjónustukaupi verður fyrir vegna vanefnda þjónustuveitanda á ákvæðum samningsins svo og til endurgreiðslu á ofgreiddum þóknunum. Greiðsla skal framkvæmd innan 14 daga frá því hennar er krafist. Þjónustukaupi skal eigi síðar en 10 dögum eftir lok samningstíma gefa út heimild til að fella trygginguna úr gildi.

9.7 Greiðslur og frestir

9.7.1 Kílómetragjald

Fyrir þjónustu samkvæmt samningi sem gerður er á grundvelli skilmála þessa fær þjónustuveitandi greitt kílómetragjald samkvæmt tilboði að teknu tilliti til ákvæða þjónustuskilmála þessara. Einungis er greitt fyrir akstur milli skilgreindra stoppistöðva en ekki fyrir akstur þjónustuveitanda frá starfsstöð hans að fyrstu stoppistöð innan akstursleiðar og/eða akstur þjónustuaðila frá síðustu stoppistöð innan akstursleiðar aftur til starfsstöðvar þjónustuveitanda.

Innifalið í kílómetragjaldi er allur kostnaður þjónustuveitanda sem fellur til vegna þjónustunnar án nokkurrar takmörkunar. Kílómetragjöld skulu haldast óbreytt þótt umfang þjónustunnar breytist á samningstíma s.s. vegna breytinga á akstursáætlun, akstursleiða eða fjölda ferða.

9.7.2 Verðlagsgrundvöllur

Kílómetragjöld eru verðtryggð samkvæmt vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Kílómetragjöld skulu endurskoðuð með sex (6) mánaða millibili, 1. janúar og 1. júlí ár hvert. Fyrsta endurskoðun skal fara fram 1. janúar 2025. Grunnvísitala samningsins er gildandi vísitala neysluverðs á opunardegi tilboða.

9.7.3 Greiðslufyrirkomulag og greiðslufrestur

Gefa skal út reikninga mánaðarlega. Þjónustuveitandi skal senda reikninga til þjónustukaupa á rafrænu formi, samkvæmt kröfum þjónustukaupa hverju sinni á samningstímabilinu. Reikningar sem berast með öðru móti, t.d. á pappírformi eða sem pdf skjöl í tölvupósti verður hafnað og þeir endursendir.

Reikningar skulu stílaðir á:

Akraneskaupstaður V/Akstur máltíða
kt: 410169-4449
Dalbraut 4
300 Akranesi

Með reikningum skulu fylgja akstursskýrslur samkvæmt forskrift þjónustukaupa. Þjónustukaupandi áskilur sér 20 daga greiðslufrest miðað við komudagsetningu reiknings nema að um annað hafi sérstaklega verið samið. Ef reikningur er ekki sendur á réttan stað eða ber ekki með sér nægar upplýsingar til að staðfesta réttmæti hans gildir ekki fyrirheit um greiðslufrest.

9.8 Önnur atriði

9.8.1 Endurskoðunarákvæði – Breytingar á samningstíma

Aðilar geta á gildistíma samnings hvor um sig óskað eftir viðræðum um endurskoðun á einstökum atriðum hans. Verði af hálfu beggja samningsaðila fallist á breytingu skulu þær gerðar skriflega sem viðauki við samning.

Þjónustukaupi áskilur sér rétt til að gera breytingar á samningi á samningstímanum að því marki sem heimilt er samkvæmt 90. gr. OIL. Breytingar geta bæði verið skv. samkomulagi við þjónustuveitanda eða aðra aðila ef um vanefndir þjónustuveitanda er að ræða og/eða vegna uppsagnar á þjónustusamningi og nauðsynlegt er að semja við annan aðila um að uppfylla samningsskyldur þjónustuveitanda. Þjónustukaupi áskilur sér rétt til að heimila breytta aðild að samningnum án nýs útboðs ef þjónustuveitandi verður gjaldþrota.

Ef lagabreytingar eða tækninýjungar kalla á breytingar á þjónustunni er heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samningi á samningstíma innan marka 90. gr. OIL. Sama máli gegnir ef ófyrirséðir tæknilegir örðugleikar hafa komið upp við starfrækslu eða viðhald.

9.8.2 Framsal á réttindum og skyldum

Þjónustuveitanda er óheimilt, án samþykkis þjónustukaupa, að fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum í sinn stað, að hluta eða öllu leyti. Ef þjónustuveitandi felur undirverktaka að taka að sér einstaka þætti skal tilkynna það þjónustukaupa skriflega og breytast í engu skyldur hans gagnvart þjónustukaupa. Þjónustuveitanda er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi þessum án skriflegs samþykkis þjónustukaupa.

9.8.3 Keðjuábyrgð

Þjónustuveitandi skal tryggja og ber ábyrgð á að allir starfsmenn, hvort sem um ræðir starfsmenn hans, undirverktaka eða starfsmannaleiga, fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni.

Hvenær sem er á samsamningstíma skal þjónustuveitandi geta sýnt fram á að öll réttindi og skyldur skv. ofangreindu séu uppfyllt. Þjónustuveitandi skal framvísa gögnum sem sýna fram á að ofangreind réttindi og skyldur séu uppfyllt innan 5 virkra daga frá þeim degi sem gagnanna er óskað. Séu gögn ekki afhent innan þess tíma eða þjónustuveitandi getur ekki sýnt fram á að ofangreind réttindi eða skyldur séu uppfylltar að mati þjónustukaupa, er þjónustukaupa heimilt að innheimta dagsektir úr hendi þjónustuveitanda að fjárhæð allt að 50.000 án VSK á dag, fyrir hvern starfsmann þar sem réttindi eru brotin á, eða fyrir hvern dag sem gögn eru ekki afhent innan tilgreinds tímafrests. Dagsektir skulu greiddast þar til bætt hefur verið úr.

Þjónustukaupa er heimilt að halda eftir samningsgreiðslum og greiða vangoldnar verktakagreiðslur til undirverktaka og annarra starfsmanna, sem svara til launatengdra greiðslna, á kostnað þjónustuveitanda, standi hann ekki í skilum með slíkar greiðslur.

9.8.4 Óviðráðanleg öfl

Hvorugur aðili skal vera ábyrgur gagnvart hinum vegna vanefnda á skyldum samkvæmt samningi ef ástæður vanefndanna má rekja til óviðráðanlegra afla (Force Majeure).

Í samningi merkir hugtakið óviðráðanleg öfl (force majeure) ytri atvik sem ekki verða séð fyrir og ekki er unnt að koma í veg fyrir jafnvel þótt gripið hefði verið til réttmætra ráðstafana. Falla hér undir náttúruhamfarir, stríð, viðskiptabann, farsóttir, verkfall eða annað sambærilegt sem hamlar verulega eða hindrar framkvæmdir. Til óviðráðanlegra afla skv. samningi teljast ekki atvik sem aðila ætti að vera ljóst, við undirritun samnings, að upp geti komið og hægt er að komast hjá við framkvæmd verkefnisins.

Sá aðili sem bera vill fyrir sig óviðráðanleg öfl (force majeure) samkvæmt samningi, skal hafa

sönnunarbyrði um tilvist slíkra óviðráðanlegra afla. Misbrestur eða aðgerðarleysi skal, að því er grein þessa varðar, því aðeins teljast vera af völdum óviðráðanlegra afla (force majeure) að sá aðili, sem hlut á að slíkum misbresti eða aðgerðarleysi, sanni (a) að misbrestur hans eða aðgerðarleysi sé bein afleiðing af óviðráðanlegum öflum (force majeure) eins og þau eru skilgreind í samningi og (b) að hann hafi sýnt hæfilega aðgæslu og gripið til allra annarra ráða, sem eðlileg mega teljast, til þess að forðast slíkan misbrest eða aðgerðarleysi.

Hvor aðili skal tafarlaust tilkynna hinum um óviðráðanleg öfl (force majeure) sem valda misbresti eða aðgerðarleysi um að efna skuldbindingar hans samkvæmt samningi. Jafnframt skal aðilinn gera allt, sem í hans valdi stendur, til þess að draga úr áhrifum þessa misbrests hans eða aðgerðarleysis um fullar efndir og skal strax og óviðráðanlegum öflum (force majeure) er ekki lengur til að dreifa gera allar eðlilegar ráðstafanir, sem á hans valdi eru, til að hefjast handa á ný um að efna slíkar skuldbindingar, með minnstu mögulegu töfum.

9.8.5 Févíti

Vanefni þjónustuveitandi skyldur sínar samkvæmt samningi er þjónustukaupa heimilt að draga frá samningsgreiðslum til þjónustuveitanda 30.000 kr. í eftirfarandi tilvikum:

- Kröfur varðandi námskeið og þjálfun bifreiðastjóra ekki uppfylltar þegar akstur máltíða fór fram.
- Kröfur er varða bifreiðar ekki uppfylltar þegar akstur máltíða fór fram.
- Verulegar tafir voru á heimsendingu máltíða af ástæðum sem þjónustuveitandi ber ábyrgð á.

en einnig þegar þjónustuveitandi hagar þjónustunni, á einhvern annan hátt, í ósamræmi við skilmála þessa, gildandi lög og reglugerðir. Ef þjónustukaupi hefur þurft að grípa til aðgerða/ráðstafana til að tryggja heimsendingu matar af ástæðum sem þjónustuveitandi ber ábyrgð á er honum heimilt að draga heildarkostnað þjónustukaupa vegna aðgerða/ráðstafana af samningsgreiðslum til þjónustuveitanda.

9.8.6 Uppsögn samnings

Uppsögn samnings sem gerður er á grundvelli skilmála þessara skal vera skrifleg og send með sannanlegum hætti. Uppsagnarfrestur telst hefjast fyrsta dag næsta mánaðar eftir að uppsögn var send.

Þrátt fyrir ofangreint áskilur sveitarfélagið rétt til að segja samningi sem gerður er á grundvelli skilmála þessara upp fyrirvaralaust ef vanefndir þjónustuveita eru verulegar eða þegar um er að ræða ítrekaðar vanefndir og þjónustuveitandi hefur a.m.k. tvisvar verið skriflega aðvaraður um mögulega uppsögn vegna vanefnda. Sveitarfélaginu er sömuleiðis heimilt að segja upp samningi fyrirvaralaust leiti þjónustuveitandi nauðasamninga eða greiðslustöðvunar, verði hann úrskurðað/ur gjaldþrota eða árangurslaust fjárnám gert í búi hans.

9.8.7 Farsóttir

Þjónustuveitandi skal gera ráð fyrir hverskyns kostnaði sem kann að falla til vegna ráðstafana sem fyrirséð er að kunni að þurfa að grípa þurfi til vegna faraldra. Þjónustuveitandi skal þegar í stað upplýsa þjónustukaupa komi upp aðstæður í sem tengjast Covid-19 faraldrinum eða öðrum faröldrum sem kunna að hafa áhrif á framkvæmd þjónustunnar.

9.8.8 Ágreiningsmál

Rísi ágreiningur á milli aðila út af samningi sem gerður er á grundvelli skilmála þessara skal hann rekinn fyrir Héraðsdómi Vesturlands.

10. Skilgreiningar og orðskýringar

10.1 Skilgreiningar

BJÓÐANDI: Fyrirtæki (verktaki, seljandi eða veitandi þjónustu) sem lagt hefur fram tilboð.

OIL: Lög um opinber innkaup.

UMBOÐ: Skriflegt skjal þar sem bjóðandi skipar annan einstakling sem umboðsmann hans eða til að koma fram fyrir hans hönd og veitir umboðsmanni vald til að framkvæma ákveðnar aðgerðir fyrir hans hönd svo sem að senda inn bindandi tilboð.

ÞJÓNUSTUVEITANDI: Bjóðandi sem samið er við að undangengnu útboði.

ÞJÓNUSTUSKILMÁLAR: Skilmálar sem gilda um þjónustuna á samningstíma.